This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.

+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.

+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.

+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

A 929,838

839.68
M199t

TEITUR

TEITUR

LJÓÐLEIKUR Í FIMM SÝNINGUM

EFTIR

GUÐMUND MAGNÚSSON

REYKJAVÍK
KOSTNAÐARMAÐUR SIGURÐUR KRISTJANSSON
FÉLAGSPRENTSMIÐJAN
1903

Scandinavian
S. Eymundsson
7-9-31
23849

HERRA LANDSHÖFÐINGJARITARA

JÓNI MAGNÚSSYNI

12-1-31

ER ÞESSI BÓK AF
ÞAKKLÁTUM HUGA
TILEINKUÐ AF HÖF.

Inngangsljóð.

Sýnið mér myndir frá umliðnum öldum,
þér, andar fræðanna,
sagnanna' og kvæðanna!
Lyftið upp aldanna lokuðu tjöldum
og látið mig fá
þær rúnir að sjá,
sem eru þar geymdar á ólesnum spjöldum.
O, sýnið mér lýðinn, sem lifði þá —
látið mig yfir það hyldýpi sjá
sem tímarnir mynda,
er milli vor binda
keðju af kynslóðum, föllnum frá.
Já, flytjið mig aftur á feðranna slóð,
fótsporin sýnið mér, þar sem hin horfna
þjóð fyrir löngu landið tróð.
Reisið úr hrundum
rústum frá grundum
bygð þá, sem áður í blóma stóð.

Sýnið mér héruðin, svipuð og nú:
svellþakin fjöllin

og gróandi völlinn.
Brimið við strendurnar,
beljandi fljótin,
brunahraunin
og eldsumrótin.
Heiðarnar víðar
með hlíðarnar fríðar,
faðminn dala
með fossana svala —
alt þetta svipað og sést það í dag,
en samt með töluvert annan brag,
því kynslóðir aðrar þá áttu hér bú.

Sýnið mér kofann
þar kotungur bjó —
og höfðingjabýlið
sem burstirnar hóf
með útskornar skífur,
mót upphimni bendandi,
ylríka kveðju
mót gestunum sendandi.
Og sýnið mér innar —
hin ofnu tjöld,
úthögna stólpa
og útskorin spjöld.
Horfin að vísu
er hernaðarferð;
þó hanga þar feðranna

skildir og sverð.
Af hjúum er fjöldi,
af fénaði sægur,
með annríki líður
hvert einasta dægur.
En umhverfis býlið er urmull af kotum,
með allsnöktum veggjum og koldimmum skotum.
Þau halda sér auðsveip í höfðingjans griðum,
og hverjum sem býr
þar finst hamingja dýr
að vera einn af hans leiguliðum.

Já sýnið mér lífið — þess misjöfnu myndir,
þess misjöfnu kjör,
þess þrótt og þess fjör,
það afl, er þess sterkustu ástríður kyndir,
þess ást og þess hatur, þess hjátrú og trú.
Og sýnið mér afl það, sem andana beygði,
sem aðalsmannslundina kúgaði' og sveigði,
þá kross varð að vendi
í harðstjórans hendi
og himininn bölvun til jarðar sendi.

Því þá hafði kirkjan sín víðtæku völd.
Þá var yfir landinu skuggaleg öld
með trú á kraftaverk, kyngi og fjanda,
á krossa og myndir og dýrlingafjöld,
Hver munkur og prestur

með latínu lestur
þá vilti sjón hinni voluðu öld,
og vafði í fjötur hvern starfandi anda.

Já, Skálholt — þá var þín valda öld,
þá var sá dagur, er seinna' átti kvöld.
Þá skein yfir lýðinn og landið sú sól,
sem ljómaði kringum þinn biskupsstól.
Þá horfðu menn til þín sem höfuðbóls,
sem höfðingjaborgar og mentaskjóls.
Þá hræddust þig sumir og aðrir þér unnu,
því út frá þér hamingju-straumarnir runnu;
en út frá þér líka sú elding þaut,
sem alla hamingju niður braut.
Þá hafðirðu vald yfir himinsins vegi,
og hleyptir þeim að, sem þér misbuðu eigi,
en hinum, sem fóru með harðúð og stríð,
var himininn læstur um eilífa tíð.

En hvort hefir himinsins beizka bann
nú brotið til grunna þinn höfðingjarann?
Því nú er þín frægð fyrir löngu liðin,
og lifir nú að eins sem gömul saga,
og autt er og hljótt þar um alla daga,
sem áður heyrðu menn glaðværðarkliðinn.
Nú grær þar arfi á langri leið,
sem liðsmannaflokkurinn áður reið,
og nú sést ei framar á friðsælum kvöldum

flokkur um staðinn af snjóhvítum tjöldum;
og skanzinn, þar orustan háð var hörð,
er hóll, sem að mestu er sokkinn í jörð,
og ekkert er eftir af húsunum háu
nema hrörlegu rústirnar, grænu og lágu.
Menn sjá hinnar krossbygðu kirkju far,
en kirkjan, sem nú er, er fátæk og smá,
og stendur þar horninu einu á
sem áður dómkirkjan mikla var.
Ó, mættum vér sjá o'ní grafanna garð!
Margt göfugs manns lík þar að moldu varð,
og upprisu þá
væri yndi að sjá,
þá alt það mannval rís gröfunum frá.

Já, Skálholt — sú öld er nú lyktaður leikur,
þitt líf og þitt vald út í geiminn rokið;
um rústirnar sveimar svipur bleikur
og sýnir, að nú er því öllu lokið.
Mér finst, eins og söguna sjái eg breidda,
svo svipmikla, skýra, á staðinn hinn eydda;
hún liggur með blóðugum byrjunarstöfum
sem blæja á aldanna gröfum.

Já, sýnið mér lífið frá umliðnum öldum,
þér andar fræðanna,
sagnanna' og kvæðanna!
Lyftið upp tímanna lokuðu tjöldum

og látið mig fá
þær rúnir að sjá,
sem geymast þar enn þá á ólesnum spjöldum.
Eg heyri sem jódyn af fjarlægum ferðum.
Mér finst eins og nálægt mér þytur af sverðum.
Í hörpunnar strengjum eg heyri dynja
sem hraunþakin vötn, er í hvelfingum stynja.
Þið nálgist mig, sjónir frá umliðnu öldunum,
andar fræða — þið lyftið upp tjöldunum.

5. jan. 1903.

Persónur

Teitur Gunnlaugsson, bóndi í Bjarnanesi.
Þórdís, kona hans.
Jón biskup Geirreksson í Skálholti.
Dómkirkjupresturinn í Skálholti.
Þorvarður Loptsson frá Möðruvöllum í Eyjafirði.
Þorlákur.
Þorkell.
1. 2, og 3. biskupssveinn.
Jórunn spákona, förukerling.
Hjúkrunarkona í Skálholti.
Biskupssveinar og klerkur.
Bændur. Menn Þorvarðar og Teits. Veizlugestir og aðkomumenn í Skálholti o. fl.

Fer fram í Bjarnanesi og Skálholti á fyrri hluta 15. aldar (1432—1433).

I.

(Herbergi hjá Teiti. Gluggi í afturśn, tvö rúm, sitt hvoru megin. Útskornar bríkur og stuðlar, glitofin veggjatjöld o. s. frv.)

Þórdís:

Hefirðu talað við herrann í dag?

Teitur:

Nei.

Þórdís:

Heyrðu mig! Er það nú nokkurt lag,
að þakka ei það, sem oss gjört er gott!
Þótt getum vér lítið, þó svolítinn vott
af þakklæti finst mér sjálfsagt að sýna.
(Lítur út um gluggann.)
Ó, sérðu' ekki blessaðan daginn skína
hátt yfir engjar og hnúkanna brún,
með hátíðarbrag um vort græna tún?
Þar bera tjöldin við hlíðarnar háu,
og hestarnir bíta' undir klettóttu fjalli,
sem rís þar svo snarbratt með stall upp af stalli
sem stigi til himna frá grundunum lágu.
Og sérðu ei hópa af gestum glöðum,

og glauminn og lífið á öllum stöðum?
Hvenær var fyr svona fjörugt og glatt
á feðraleifð þinni?

Teitur:

Nei, alveg satt
að það var aldrei — á þennan veg.

Þórdís:

Já, það var alt, eins og hugsaði eg.
Mér finst eins og sólskinið fegurra og hlýrra
sé frá því hann kom, já, sem alt vera nýrra;
sem þessari auðn hafi gefist glans
og glaðlegri svipur við komu hans.
En að hann skyldi einmitt velja
okkar bæ, til þess hér að dvelja,
en ekki vera hjá Valda eða Jóni
og velja sér tjaldstað hjá Nesi eða Lóni.
Veizt þú af hverju það annars er?

Teitur:

Mér ógnar sú hégómadýrð, sem þú ber.

Þórdís:

Hvað? Hégómadýrð! Nei, heyrðu nú, bezti.
Það heiður er — var mér snemma kent —
því það er ei öðrum en höfðingjum hent
að fá heim að bænum jafn-göfga gesti.
Þú veizt, það mun spyrjast vítt yfir láð

hvar voldugur biskupinn hafi áð,
með alt þetta fríða föruneyti;
hann fann hvergi stað — nema einmitt hjá Teiti.
Vor bær þykir raunar með rausn vera setinn,
sem rétt er, ef eingöngu kot eru metin;
en svo stór er hann þó heldur ei
að hann gæti komist þar fyrir. — Nei,
hann varð að tjalda' úti' í túni. En hvað
er torfbær í sveit á við Skálholtsstað!
Svo býður hann mönnum til veizlu, og veitir,
svo vart eru dæmi þess hér um sveitir.
En hvar varstu síðast? Eg sá þig eigi.

Teitur:

(Þegir.)

Þórdís;

Að sjá í morgun, þá lýsti af degi!
hve veðrið var blítt, og hve bygðin var prúð,
sem bæri hún þá eitthvert hátíðaskrúð.
Og fjallið var efst sem í eldviðjar snúið,
og ofan til miðs náði roðinn skær,
hvert strá var með dýrustu demöntum búið,
því döggin var fallin, svo hrein og tær,
og hafið var byrgt af bláleitum eim —
og biskupinn sjálfur mig leiddi heim.

Teitur:

(Verður órólegur).

Þórdís:

Mér fanst, sem á heilögum stað ég stæði;
við stönsuðum svolítið augnablik bæði,
og horfðum á morgunsins mildu hönd,
sem mjúklega strauk yfir dreymandi lönd.
Hann sagði svo margt, sem eg man ekki nú,
og margt, sem var ljómandi, benti hann á,
sem aldrei — aldrei ég áður sá. — —
En segðu mér — af hverju hljóðnar þú?

Teitur:

Hvað, hljóðna eg! — Svo?

Þórdís:

Mér sýndist bara
um svipinn þinn eins og skuggar fara.

Teitur:

Eg skal því ekki svo skjótlega svara. —
Þér finst víst mjög um svo fræga gesti.

Þórdís:

Það finnurðu sjálfur, góði minn, bezti,
að ekki má lá mér. Það ei hefir skeð
að eg hafi þvílíka höfðingja séð.
Eg fæddist á algengum bóndabæ,
þar bar hvern dag fyrir augun fátt;
eg heyrði það sama sí og æ,
og það sama leit eg í hverri átt.

Svo kom eg hingað, og hvað var að sjá?
Húsin næstum því eins og þar,
rósóttar ábreiður, útskornar bríkur,
og allur búnaður nauðalíkur
var hér, því sem áður eg handgengin var;
og heldur mér ekki við fólkið brá.
En þeir — það er eitthvað annað snið
á öllu því sem þeim kemur við.
Eg segi' ekki: betra, en lyftandi, leiðandi,
lífgandi upp, eða næstum því seiðandi.
Það líkist blæ eftir langvinna kyrð,
það líkist sól eftir þykkviðrisdaga;
það líkist dögg yfir hrjóstuga haga,
þá hrislan af þurki er orðin stirð.
Svo hefir sú för einhvern helgibjarma,
sem hátignarsvip frá því guðlega veldi,
sem vermandi strauma frá vígðum eldi —
Því sástu' ekki klerkinn með krosslagða arma
komandi álengdar, höfuðið beygjandi,
langar klausur á latínu segjandi,
kyssa biskupsins hönd, — þessa hönd,
sem himinsins náð réttir kraminni önd,
sem upp til hæðanna andann hefur
og allar syndirnar fyrirgefur;
en líka sendir út bannsins böl
og býr sínum óvinum hörmung og kvöl.
Þá slíkir höfðingjar héraðið gista,
menn hepna sig kalla að vera sem fyrsta

að votta þeim hollustu, vinsemd og trú,
og veita þeim liðsinni.

Teitur:

Hættu nú,
því annars ég held ég að þér hlægi!
Slík afhrök af mönnum af versta tægi,
sem lifa sem kóngar á lýðsins sveita,
og launanum fyrst eftir dauðann heita!
Eg þekki þá alla!

Þórdís:

Nei, ekki hann.
Þú ættir að vingast við slíkan mann.

Teitur:

Jón Geirreksson fær ekkert fyrirtaks hrós,
hann fáum er kær. —

Þórdís:

Hann er einstakt ljós.
En það er sem oftar um útlendan mann,
að alstaðar kuldanum mætir hann.
Og svo þessi andstygðar öfund! — En nú
eg ætla að spyrja þig: Hvað segir þú
um framkomu hans gagnvart fólkinu hér?

Teitur:

Mér finst, það er víst, ekki sama og þér.

Þau eiga sinn rétt hérna kotin í kring,
nú kvarta þau sáran um átroðning;
á túnin er hestunum biskupsins beitt —
en bara það væri ekki nema það eitt.
Ég held, að kvenfólkið hérna í bygðinni
hafi þóttst svikið á munkadygðinni.

Þórdís:

Já, föruneytið —!

Teitur;

Það vel maður veit
að hann velur sér sjálfur þá skírlífissveit.

Þórdís:

En veizlan —?

Teitur:

Var sannarlegt sómaboð!
Og svo má ei gleyma, að þetta goð
þitt þar fórnaði fyrirtaks vínum,
sem flutti hann með sér á bykkjum sínum.
Hann þekti það, herrann, eins vel eins og vér,
hve vínið hjá bændunum daglegt er!
Svo var það skemtun, sem varla brást,
að vinir úr grendinni fóru að slást.
Þér leið víst vel, þegar leið undir daginn
og „ljósið“ þitt fylgdi þér sjálfur í bæinn.
En mér hefir víst orðið vínið hans dýrt.

Ég veit ekki glögt og ég man ekki skýrt, —
en þegar í dag eg blundinum brá
í blautu hesthúsi flatur eg lá.

(Gengur snúðugt burtu).

Þórdís:

(stendur um stund sem þrumu lostin)

Já þetta er slæmt. En ég samt fæ ei séð
að sé þetta honum að kenna, heldur
hans gárunga-sveit slíkum glettum veldur,
og þetta mun vera' honum þvert um geð.
Nei, hann er of mikið iturmenni
með augun svo snör og svo höfðinglegt enni,
til þess að hann geti brögðum beitt
við bændur, sem grunar ei misjafnt neitt.
En samt er það slæmt, þegar merkismönnum
er minkun gerð, og þó einkum þá
er fjölmenni miklu af gestum og grönnum
gefst þeirra lægingarástand að sjá,
það bakar þeim samtímis böl og tjón. —
Hver biður þá líka að drekka' eins og flón!

(Fer).

1. biskupssveinn:

(Skríður fram undan rúminu)

Já — ég er nú fyrir löngu leiður
að liggja hér undir þessu bóli,
ég hélt að mér yrði ekki gangurinn greiður
að geta sloppið úr þvílíku skjóli.

En erfiðisvirði eru launin; —
ég átti von á að komast að því,
sem herranum væri hagur í, —
og sú hefir orðið sannlega raunin.
Já, hún, þessi kona, er fyrirtaks fljóð,
og fyrir bónda sinn alt of góð,
því hann er þverhöfði, þursamenni,
og þess vegna langt frá því samboðinn henni.
Já — hann hefir heiður í samkvæmið sótt!
Að sjá þetta dýr, eins og hann var í nótt!
Drafandi blindur og digurmæltur,
drembinn og gortinn og þóttist stæltur,
og barði og lamdi á báða vegi,
þótt á bífunum gæti hann staðið eigi!
Svo hann ekki vanvirti hana það sinn,
í hesthúsið var honum laumað inn!
Hann hatar kirkjunnar helga vald, —
já hann skal fá syndanna endurgjald!
Nú hefi ég séð inn í heimilisbraginn,
og heyrt og séð nóg fyrir þennan daginn.
Og það, sem eg herranum hefi að tjá,
mun hóp af smásyndum leysa mig frá.

Jón biskup Geirreksson:

(Kemur).

Svo þú ert þá hér! — Hvaðan kemur þú?

Sveinninn:

Eg kom hérna fram undan rúminu nú.

Biskup:

Nú, svoleiðis! Það er vel til valið
að vita eitthvað um heimilistalið.
Því oft hefir þannig áður reynst
að eldurinn hefir í kyrþey leynst,
já, jafnvel þar sem var gleggst að gáð,
en gosið svo upp og hremmt sína bráð.
Menn verða að hafa' á sér glöggar gætur
og grafa sem bezt fyrir allar rætur,
ef veldið skal standa voldugt og tryggt,
og vera ekki á sandi bygt.
Hin ytri hlið sýnist oftlega gylt,
þótt eitraðri slægð sé brjóstið fylt.
Og heift getur ólgað í hjartans djúpi,
þótt hlutaðeigandi lúti og krjúpi.
Hvers varstu þá áskynja?

Sveinninn:

Eins og gengur,
var í því betri og rýrari fengur.
Ég sá inn í hjarta við hispur laust
og hollustu sá þar og innilegt traust;
í hverju orði þér hrósað var,
um hlýleika vott öll ræðan bar.

Svo heyrði eg líka haturs mál
og hæðnissetningar, kaldar sem stál.

Biskup:

Það er nóg, ég skil! Þar féll skýlan frá,
sem skyggði á það, sem á bak við lá.
Svona' eru mennirnir. Þetta er það,
sem þrásinnis hefir átt sér stað.
Menn vilja' ekki annara ástæður sjá,
en augnabliks gengi sitt horfa á.
Menn hatast við alls konar yfirráð
og eins þau, sem veitast af guðlegri náð:
Menn öfunda hvern, sem á virðing og völd.
og vilja af alhuga flekka hans skjöld.
Ég hefi oft áður mætt hatri og styggð
og horfst í augu við grimma fjendur
og séð rofna eiða og svikna tryggð
og sótt og varist á báðar hendur.
Og vertu viss um: Það stælir mann, stríðið,
það styrkir mann, hatrið, það kælir mann, níðið.
Mín hugsun er konungleg, hrein og frið,
og hún er fædd til þess sigur að vinna;
eg legg því ódeigur út í mitt stríð
með öruggu trausti til krafta minna.
Á hólma þennan mig himininn sendi;
sko, hann er lítill og næstum í eyði,
að mestu jöklar og hrjóstug heiði
og hraun og gígar, sem jarðeldur brendi,

Um veginn að fara er varla kleift —
En verst er það þó hversu fólkið er dreift.
Alt þjóðlegt samlíf er sundurtætt,
— og sundrungin jafnan veldur illu; —
og fólkið er ósköp illa frætt,
það yfirleitt sveimar í hjátrú og villu,
það hirðir ei mikið um hjálpræðisgjöfina,
og heiðnin er tæplega komin í gröfina.

Já, hér er leikvöllur stórra starfa,
sem stefna til ríkis og kirkju þarfa,
því hér þarf að uppræta heimsku og greining
og hlýðnina skapa og trygga eining.

En þetta er mikið og vandasamt verk,
og veitir ei af að sú höndin sé sterk.

Í útlöndum kirkjan og ríkið reyna
að ryðja í sameining aganum braut;
hið verzlega' og himneska valdið sig eina,
og vaxa þá upp yfir hverja þraut.
Þar skortir ei grimmd gagnvart þrjózkum þrjót —
já, þar fá menn glóandi járnin að sjá;
en sýni þeir iðrun og yfirbót,
þeir örugg hæli sér hvarvetna fá.

En hér er öll stjórnin á ringulreið,
hér reiðir ei nokkur upp laganna vönd,
og því er hér öldungis engin leið
að ætlast til stuðnings af ríkisins hönd.
Um biskupsvaldið það veit eg eitt
að verið hefir því slælega beitt.

Því segi ég — eigi hér eitthvað að laga,
með afli og dáð þarf að taka í strenginn.
og grundvalla veldi og innleiða aga,
svo einhver réttarbót verði fengin.
Þeim þverbrotnu verður að innræta ótta,
og atlögur greiða þeim miskunarlaust,
unz drambið og hrokinn er farið á flótta,
og fult er brjóstið með auðmýkt og traust.
En sýna þarf hinum höfðingslund
og hæna þá að sínum veldisstóli,
svo það sé þeim hugfast á hverri stund
hve holt er að standa í valdsmannsins skjóli.

Sko, þetta er vegur til valda og frægðar,
til velgengni lýðsins og hamingjugnægðar.
Þá upprætast misklíðir smátt og smátt,
og smásaman fjendurnir breytast í vini, —
og þá mun lýðurinn lofa það hátt,
sem leiddi af Jóni Geirrekssyni.

En þungt verður stríðið, því þjóðin er vilt,
og þekkist það bezt sem er óhreint og spilt.
En drottinn er vís, og hann veit öll ráð,
og viss er eg einnig um konungs vors náð.

Sveinninn:

(Með ísmeygilegri auðmýkt).

Þín orð eru lærdómur, lifandi, hreinn,
svo ljóst og svo skírt talar aldrei neinn.
En stríðið er hart. Það er hörgull á dygð,

og hætta að byggja á nokkurs manns trygð.
Þessi skriðdýr í mannsmynd! — Ég segi það satt,
þau sannlega gera' ekki hjarta mitt glatt —
sem þekkja ei skil á heillanna hnossi
en heilsa þeim beztu með Júdasar-kossi.
Það er það versta sem af eg veit — —
Ég á til dæmis við þennan — Teit.

Biskup:

En kannske með ljúfu hann láti sér segjast
og lofi þá kirkjunni hlýðni og bót.
Hann annaðhvort verður að brotna' eða beygjast,
unz beiskjan er upprætt úr hjartans rót.
Í sveitunum fylgja' honum margir að málum
og margir af höfðingjum þessa lands;
hann hefir áhrif hjá allmörgum sálum,
hann einn er mér jafnoki hundrað manns.
Hann verður — hann verður að brotna eða
beygjast.

Sveinninn:

Já, bíðum þar til hann lætur sér segjast.
Þú heyrðir nú sumt, er hann sagði í gær,
það sanna birtist þá vitið er fjær.

Biskup:

Við sjáum nú til. Það síðar skal dæma.
Ég séð hefi framan í marga slæma.

Sveinninn:

Já, góði herra, ég efa eigi
að alt af greiðist úr þínum vegi.
Þín bjargfasta trú gæti flutt til fjöll,
þín framkoma sigrað hinn spiltasta anda!
og bráðum mun þjóðin þér unna öll
og eins og þér líkar sitja og standa.
Ég sé þig í huga á hástóli sitjandi,
himinsins blessun til jarðar flytjandi,
elskaðan, virtan, með veldisstaf bendandi,
vinsamlegt bros yfir fjöldann sendandi,
gætandi' að veldis þíns heill og högum
með heilagleik biskups og mildum lögum.

Biskup:

(Blíðlega).

Ég hirði' ekki' um lofið —!

Sveinninn:

Nei, herra. En ég veit
hve hátt þú ert metinn af þinni sveit.

(Enn ísmeygilegri en áður).

En svo er það eitt. — Ég hef syndgað, herra.
Ó sjáðu! Ég kem hér með iðrandi huga.
Ein hugskots-synd — Nei það var þó ei verra,
þeim vonda tókst ekki til fulls mig að buga.
Ég hét þér skírlífi, heilagleika,
ég hét þér óspiltu fylgi mínu,

og af þeim vegi má ei maður skeika
já ekki í leyndasta hugskoti sínu.
Því sá, sem þá konu sér kýs, er hann sér,
við klerkaboðorðið sekur er.
En freistarinn illi er alt of víða,
og aldrei má gleymast að vaka og stríða.
Í dag, þegar sól yfir dagmálum stóð;
og dreymandi lá eftir veizluna þjóð,
þá læddist ég einn inn í húsin hér,
í hverju skyni, eg sagt hefi þér.
Ég kom hér í dyrnar — og það var þá
sem þvílíkri sjón fyrir augu mér brá,
sem viss er ég um að ég aldrei gleymi,
og aldrei sé framar í þessum heimi.
(Lækkar róminn).
Í hvílunni hérna þá húsfreyjan hvíldi
í hægum og djúpum og værum blundi,
og lokkanna safn út frá höfðinu hrundi
sem hrönn af gulli, og koddanum skýldi.
Hún rjóð var í kinnum, því henni var heitt
og hún eftir gildið og vökuna þreytt,
og hefir eflaust í inndælum draumi
séð endurskinið af veizlunnar glaumi.
Og svo hafði sængin fallið frá,
svo fagri barmurinn nakinn lá;
og þar risu brjóstin hin björtu svo hátt,
og bærðust við rólegan andardrátt.
Ó hve hún var fögur — með útbreidda armana

og undir dýnum sást limanna skil.
Það var líkt sem hún biði með lokaða hvarmana
þess ljúfasta' og bezta, sem jörðin á til.
Það var sem í svefni hún vænti' eftir kossi
og varirnar fram sínum elskhuga byði. —
Mitt hjarta-blóð varð að brennheitum fossi
og burtu var svift mínum innra friði.
Þá fann eg hve máttugur freistarinn er. —
En fann líka skyldunnar rödd hjá mér.
Ég leit af henni — ég leit út í húmið,
og lagðist svo niður og skreið undir rúmið.

Biskup
Er órólegur en þegir.

Sveinninn:

Svo lá eg hér kyr þar til létti hún blundi
— þótt leiddist mér biðin. — En þá ég sá,
að hendinni studdi' hún á hjartað og stundi
sem hugurinn berðist við leynda þrá.
Svo kraup hún hjá Maríumyndinni hér
og mælti fram bæn fyrir sér — og þér.

Biskup:
(Bendir).
Það er nóg. — Við tölum um syndina síðar.

Sveinninn:

Með sannri auðmýkt —! Mér ber að hlýða.
(Hneigir sig og fer).

Biskup:

Hann veit um broddinn, sem brjóst mitt stingur.—
Mér brá svo við, meðan talaði hann,
frá hjartanu alveg út í fingur
ég einhvern sjaldgæfan titring fann.
Ó Kristur! Eg undir þinn kross er tekinn,
þú krefst að ég selji þér lífskraft minn,
úr mannlífsins Eden eg er því rekinn
og aldrei í lífinu sælu finn.
Hvort er þetta bölvunarboðorð frá þér,
þú bróðir og faðir í ljóssins sölum,
sem veizt hversu mannssálin viðkvæm er
og veizt um skuggann í þessum dölum?
Hví gerðurðu trúustu þjónunum þínum
svo þungar sorgir á vegi sínum?

(Hugsar).

Nei, það er ei guð. — Þetta er kreddu-kenning
úr klerkum og munkum og vitlausum páfum.
Slík boð ekki gefur hin guðlega þrenning,
því góðleika hennar vér hvarvetna sjáum.
Og er ekki heimska að hugsa sér slíkt —!
Menn hlýða kreddum, sem lengi' hafa ríkt,
og eitra með þessu sitt eigið hjarta,
og inni lokast í skugganum svarta,
unz vegirnir allir virðast dimmir
og menn verða á endanum harðir og grimmir
og beizkir í lund eins og banvæn naðra,
og böl og kvöl fyrir sig og aðra.

Er konan þá ill eða óhrein vera,
sem á að forðast sem næma sótt?
Og er hún ei sköpuð neitt gott að gera?
Og gerir hún ekki raunanna nótt
að sælum morgni, með yl og yndi?
Það er hún, sem það góða og göfuga styður
og græðir blómin á jarðlífsins brautum.
Hún er englanna' og mannanna milliliður
og mannanna huggun í baráttu, og þrautum.

(Gremjulega).

O þessi blessaður biskupsstóll,
og bagall og heiður og silkikjóll —!
Menn keppa til dauðs um slík dýrindis þing,
sem drepandi hlekkina leggur í kring
um hjarta og limi, um líf og sál,
og er langt um harðara en nokkurt stál.

Á fólksins herðum er biskupinn borinn;
þar blika hjá veginum hríslurnar grænar
og teygja sig upp til hans, ungar og vænar,
með yndinu því, sem þær bera á vorin.
Þar sést mörg yndisleg ungfrúarbrá,
svo elskandi, treystandi, viðkvæm og blíð.
Það er sem hún finni sig útsprungna þá
og aldrei fyrri á sinni tíð.

En biskupinn má ekki hreyfa hönd. —
Hann hlekkja kirkjunnar vígðu bönd.
Hann að eins má sjá hina syndugu þrjóta
sælunnar blessuðu ávaxta njóta.

(Eins og í draumi).

Hún kraup við Maríu-myndina hér
og mælti fram bæn fyrir sér — og mér.

(Með meira fjöri).

Hver minnist þín, biskup, í bænum sínum?
Menn brenna heldur af hatri og þrá
að himinsins eldsverð þeir fengju að sjá
reitt til höggs yfir hvirfli mínum.

Hún er blóm, sem er einungis opnað tilhálfs,
og óspilt af heiminum, nýlega gift;
hin viðkvæma sál hennar varpar sér frjáls,
því vængina hafa menn enn ekki klipt.

Ó guð, hennar maður er mótfallinn þér,
á mátt sinn hann treystir og drambsamur er,
og fetar gamalla goða stig — —
því gerirðu hann þó sælli en mig?

(Aftur dreymandi).

Nei — ráð þitt er vísdómur öllu yfir
og aldrei gleymdurðu krossberum þínum.
Hann á hana aldrei, svo lengi hún lifir,
hún lifir með öðrum í draumum sínum.
Og annars manns nafn hún í bænum fram ber,
er bljúg og auðmjúk hún leitar að þér.

Þórdís:

(Kemur inn).

O-h — göfugi herra!

Biskup:

Góðan daginn!
Ég gekk eins og kunnugur maður í bæinn.

Þórdís:

Já það er oss sómi. En húsin hér
eru hrörleg og fátæk og lág — því er ver.

Biskup:

Nei, heyrið þér, frú, — þetta' er höfðingjasetur,
ég hefi séð fá, sem mér líka betur.
Og eftir því sem hér er alment í landi,
er alt hér í frægasta rausnarstandi.
Það þakka ég yður.

Þórdís:

Nei, því er nú miður.
Í þessu tilfelli skjátlast yður,
því ég hefi litlu í lag getað snúið
þá litlu stund, sem ég hér hefi búið.

Biskup:

Nei, ekki þér sjálfar. En yðar vegna
aðrir það gera, sem framast þeir megna,
því hjúin það finna — það hvarvetna sést —
hvað húsfreyju-augunum þóknast bezt.

Þórdís:

Þér skjallið mig, herra. Nei, hér er ei frítt.
Vort heimili er sparsamt og lítið prýtt,
og útlendum mönnum, sem margt hafa séð,
því mun ekki falla það vel í geð.

Biskup:

Þér opnið fyrir mér horfinn heim,
því hugurinn hvarflar um sæinn hinn víða
til ættjarðarstrandanna aftur heim,
þar æskustöðvarnar kæru mín bíða.
Við finnum það bezt, hversu feðranna grund
er fögur og hjartfólgin móðir,
þá örlögin leiða' oss við ískalda mund
í útlegð á fjarlægar slóðir.
Já, alt það, sem fyrir augun ber
er öðru vísi þar en hér.

Þórdís;

Já, oft hefi, eg horft héðan suður á sjó,
þá sólin skein yfir bláum straumi
og skínandi brú yfir bárurnar sló. —
Þá barst ég í vakandi draumi
svo langt — gegnum úthafsins ljómandi gylling,
unz löndin hin fjarlægu sá ég í hilling.
Þar gnæfðu borgir úr grænum lundum,
þar glitruðu brynjur á riddaraherðum,

þar spegluðust hundruð af seglum í sundum,
þar sveifluðust merki' yfir hetjuferðum.
Og guðshúsin, sveipuð í alvöru' og yndi,
til upphimins bentu, svo helg og frí,
þar léku við krossinn í léttum vindi
sem litlir englar hin sólgyltu ský.
Já, alt, sem ég heyrði frá útlöndum sagt,
fyrir innri sjón mína þar var lagt.

Biskup:

Og yður langaði út yfir sjóinn.

Þórdís:

Eg aldrei hef skilið til fulls þá þrá,
sem lét hverja æð svo órótt slá. —
Eg fann að við blettinn minn fast var ég gróin.
Eg þorði' ekki að vona, ég þorði' ekki að biðja,
ég þorði ekki sjálfri mér braut að ryðja,
ég fann, að eg leit inn í lokaðan heim
án leyfis frá guði og mönnum þeim,
sem átti' eg að hlýða af einlægu hjarta.

Biskup:

Án leyfis frá guði — nei öldungis eigi!
Hver óspilt sál finnur drottins síns vegi,
því heiminn, og það sem af yndi hann á,
er öllum, sem geta það, heimilt að sjá.

Þórdís:

Ég sá mína frændur fara af strönd
og fley þeirra stefna' á hin ríku lönd;
en mér voru aðrir vegir valdir.
Hér voru ekki biðlarnir margir taldir
ígildi Teits — og ef þér trúið —
var ættin þjóðkunn að höfðingslund,
og það þótti álitlegt, Bjarnanes-búið,
en brúðurin léttfær að heimanmund.
Eg spurð var til ráða — til málamynda
að minsta kosti — en strax var mér ljóst,
að gjaforðið varð eg að láta mér lynda. —
Og líka fann eg, þá heiman eg bjóst,
að eg hafði' í brjóstinu eina gleði,
því eg lét að foreldra minna geði.
(Stutt þögn).

Biskup:

Og þessi lönd, sem þér þráðuð að sjá,
jú, þau eru auðug af margs konar gæðum,
þar teygja sig greinarnar grundu frá,
þar glitrar döggin, sem perlur frá hæðum.
En hvar er sú Eden, sem óhult reynist,
því eitraður snákur þar jafnan leynist,
og forboðnu eplin þar anga bezt,
og einmitt þau sveigja greinarnar mest,
Í skuggunum ótal augu glitra,
sem illgirnin þenur sem víðan skjá,

og hvíldarlaust eftir því öll þau titra
að einhverja smásynd þau fái að sjá.
Með rótum eikanna rógurinn læðist
og rífur og nagar sem blóðþyrst dýr,
en valdsmannahópurinn hertygjum klæðist
og hundruð af tálsnörum öðrum býr.
Og hvarvetna hamslausa hefndargirni
menn heyra sig nálgast sem urrandi birni.
Á vígvelli þessum eg stóð og stríddi,
við stórmenni' og smámenni hafði að etja,
eg reyndi það góða að gróðursetja,
sem guðleysi mannanna spilti og níddi.
En hvað sem það var, sem mér varð að grandi,
þá varð eg að flýja þar burt úr landi.

(Stutt þögn).

Eg veit eg er harðdrægur — Hamingjuleið
heillar þjóðar er hvergi greið.
Metnaður allur og eigingirni
er andstætt því marki, sem fyrir eg vinn.
Eg vil eina alt gott, sem eg fyrir mér finn,
og mölva hvern brodd, sem á móti eg spyrni.
Eg vil öllum kröftum til haga sé haldið,
svo hönd sé ei nokkur mót annari reidd,
og kirkjan hin heilaga vígi valdið,
svo verði' ekki þjóðin á glapstigu leidd.
Þótt einhverjum hljóti sárt að svíða
eg sé ekki ástæður neinu að kvíða,
menn strax munu sjá hvað er stærst og bezt:

Það er stjórn, sem með hlýðni og trausti er fest.
Það er voldug hönd, sem ei gefur þeim grið,
sem gera sig stóra og vilja fá ráð,
en gefur þeim jafnframt grið og frið,
sem gefa sig fúsir á kirkjunnar náð.

Þórdís:

Eg hefi' fáa heyrt tala, og engan líkt yður,
og oft hefi eg þráð það frá bernsku dögum
að sjá þann, er brautina sjálfur ryður
og sinnir ei úreltum fortíðarlögum.
Eg heyri svo oft um þá hraustu þjóð,
sem hélt frá sigri til sigurs um storð,
nú finn eg hjá yður slíkt fullhugablóð —
mér finst sem þér vaxið við hvert yðar orð.

Biskup:

Já, heiminum öllum eg byrginn býð,
því biskupsins embætti heimtar stríð.
Að vera til mikilla valda hafinn
er vegsemd, sem hættulaus hvergi er;
mörg vökin er opin, mörg gröfin er grafin,
margt geigvænlegt þrátt fyrir augun ber.
Á valdsmanninn hlaða menn þúsund þrautum
og þúsundum vona. Hann áfram er knúinn
af afli fjöldans á ógreiðum brautum,
sem á sér grið í hans skjóli búin.

Að hika er sama og sýnast ragur,
þótt sviði hvert spor hans sig djúpt í grund.
Hans koma er mörgum dimmur dagur
með dauðastunu' eða blóðugri und.
Og hver hefir öll þau augu séð,
sem á hann stara af hatri þrungin,
já, jafnvel úr hópnum sem hrópar með,
þá honum er vegsemdin sungin.
(Stutt þögn.)
Mig hryllir oft við er ég hugsandi finn,
hve hamingjusnauður er vegur minn.

Þórdís:

En helgi krossins og heillakraftur
snýr hættunum hvarvetna frá yður aftur,
og himinsins æðsta orðasending
hjá yður menn sjá við hverja bending.

Biskup;

Nei, heyrið þér, frú. — Það er ef til vill enginn,
sem á það trúir. Ó, væri mér fengin
ein einasta sál, sem á það treysti,
þá ykist um helming mitt kapp og min hreysti.
Nei — mitt í fjöldanum er ég einn,
af alhuga fylgir mér varla neinn.
Ó hefði eg einhvern, sem hag minn styddi,
sem höndum mildandi færi um þá vegi,
sem eg með dugnaði' og ákefð ryddi,

sem eftir mig græddi og mýkti sárin,
sem eftir mig þerraði angurstárin —
þá væri eg glaður, og óttaðist eigi.
En ég er til ævilangs einlífis dæmdur,
og ásamt stétt minni burtu flæmdur
frá samneyti öllu við — elskandi sprund.
Þau ei mega rétta mér hlýja mund
í augsýn heimsins. Mín inndæla frú,
eg aldrei hef fundið það betur en nú,
hve um mína lund mundi alveg skifta
við ástríka leiðslu um mínar brautir,
og hversu þá oft mundi gleði og gifta
ganga í stað fyrir mæðu og þrautir.

(Stutt þögn).

Ó, Þórdís — — Já, öldungis yður lík
hún ætti að vera, sem rétti mér hönd,
svo ung, en svo kappsöm og kærleiksrík
með kraftinn og ylinn í sinni önd,
þann yl, sem helgasta eldinn glæddi,
sem á að vígja minn framtíðarstig,
þann yl, sem nístandi ísinn bræddi
úr öllum þeim sálum, sem hata mig.
En þér eruð giftar — — Ó því varð eigi
þessi vor fundur á undan þeim degi.

Þórdís:

(Hristir höfuðið).

Biskup:

Eg sé ráð. — Við öktum ei heimsins hjal.
Þér hjálpið mér, Þórdís — eg launa það skal,
já, launa það margfalt. — Þér ljáið mér lið,
er lífsins mótgang eg stríði við.
Þér fyllið brjóst mitt af elskunnar yl,
þér eflið og styrkið það góða' er eg vil.

Þórdís:

(Horfir hvast á hann).

Guð stjórni' yður, herra! — Hvað hugsið þér?
Nú hræðist eg yður. —

Biskup:

Já, — því er nú ver.
Eg hélt — eg meinti — — Við manninn yðar
er mér svo ant um að leita friðar.

(Krýpur niður. Með miklum ákafa).

Ó, hjálpið mér, Þórdís, og leggið mér lið
í lífsins sárustu þrautum — eg bið,
sem krjúpi eg fram fyrir Maríu mey.
Þér megið ei neita mér — getið það ei.

Þórdís:

(Ráðalaus).

Standið þér upp! — — Þetta er ósjálfræði!
Það er óhreint, gólfið, en fín yðar klæði. —

Biskup:

Eg finn, að án yðar svo fátt eg get — —
Ó fylgið þér mér — út í lífsins hret.
(Grípur báðar hendur hennar).

Teitur:

(Kemur inn).

Biskup;

(Sprettur upp og horfir með kuldalegri ró á húsbóndann).

Teitur:

(Stendur sem þrumulostinn og horfir spyrjandi augum á þau til skiftis)

Biskup:

(með kuldalegri kurteisi).

Eg var að kveðja yðar fögru frú;
eg fer, eins og sjálfur þér vitið, nú.
Í dag skal um langar leiðir ríða.
Þeir leggja á hestana og eftir mér bíða.

Teitur:

Eg kannast ei við yðar kynlegu siði. —
Hér kveðjast menn standandi. Verið í friði.
En skuldirnar —?

Biskup:

Hvað þá? Skulda eg yður?

Eg skil ekki vel, hvernig hljóðar sá liður.

Teitur;

Um svona háttsetta herra sízt
má hugsa, að þeir borgi' ekki greiða. Og víst
er um það, að þeim finst hér,
sem þessi heimsókn sé dýr orðin sér.
Að landseta minna mér hyggja ber högum.
Eg heyri þá kvarta um það flesta
að túnin séu alt að því orðin að flögum
eftir spark svona margra hesta.

Biskup:

Það skiftir mig engu, þótt ygli þeir brún,
eg á ekki' að verja þeirra tún.
Kennið þeim heldur að gera girðingar
og gæta í hvívetna betri hirðingar.

Teitur:

Höfðingleg orð!

Biskup:

Svo er eitt um leið,
sem að eins til bendingar fram skal sett.
Þér kannist víst við okkar kirkjurétt:
„Þá biskup er á yfirreið,
þá ber honum ekki að borga haga,
þótt beitt sé þar hestum um nokkra daga".

Teitur:

En svo var það annað. Við höfum hér
átt hreinlífi' að venjast, og fólkið er
óvant við gesti eins og þá,
sem yður á ferðinni þjónustu tjá,
því framkoma þeirra við fljóð hér um bæi,
hún finst oss ósvífni í meira lagi.

Biskup;

Og hvað svo —?

Teitur:

Ef skiljið þér orð mín eigi,
mundi afsökun biskupsins sízt úr vegi.
Til meira er tæplega' að ætlast af yður.

Biskup:

Hvað? Afsökun biskupsins? Því er nú miður!
Eg fyrirgef daglega fjölda af syndum,
sem fólkið drýgir, í alskonar myndum,
og svo ætti eg fyrir allra sjón
að auðmýkja skap mitt með forlátsbón
fyrir annara syndir. —. Ha ha hæ!
Eg hlátrinum tæplega varist fæ.
Þeir, menn mínir, búa við beiskan aga,
öll brot þeirra þunga refsing fá,
þeir hétu mér einlífi alla daga
og aldrei að víkja því loforði frá.

Eg hirti þá strangt, er eg heyri það sannað,
að hafi þeir gert, það sem eg hefi bannað.
En hafi þeir vansæmt vini yðar,
þá vil eg þeir sjálfir biðjist friðar.

Teitur:

Eg sé það sem annars eg oftar hef séð,
að ekki það fellur í stórmennageð
að líta á rétt hinna lágu og smáu.
En látum það vera, því maktinni háu
er óhætt, þótt gremjan sé byrgð og brenni
á bak við kotungsins hrukkótta enni.
En svo vil eg minnast aðra á,
sem álítið þið ykkur hag að ná
til fylgis við ykkur, og í því skyni
af og til látið við þá eins og vini.
Þér lítils virðið nú landseta mína
og látið þá ei ná rétti sínum;
nú spyr eg, hvort yður sýnist að sýna
hin sömu skil gagnvart kröfum mínum.
Af góðkunnum höfðingja-ættum ég er,
og öldunum saman í þessum sveitum
forfeður mínir hafa átt hér
sitt höfðingjasetur — það hver maður veit um.—
Eg tók að erfð þeirra auðlegð og gnægð,
en ásamt því þeirra nafn og frægð,
og mér hefir fjöldi manna lotið
og mikilla vinsælda hefi eg notið,

En óvirðing sýnt hefir enginn mér
á ævinnar dögum — nema þér.

Biskup:

Hefi eg — — — ?

Teitur;

Því tjáir ei nú að neita,
því nú skulu vöflurnar settar til hliðar.
Þér létuð í gærkveldi vín mér veita,
þér voruð í ráðum með — prælum yðar.
Og það, sem skeði svo eftir á
eg ætla ekki frekar að skýra frá.
Þér þekkið það alt saman. — Óljóst mér skilst,
hvað undir þeim þrælmennskuráðum dylst.

Þórdís:

Það bannsett vín, það er varasamt,
til veitinga er mér því jafnan gramt.

Biskup:

Þá mintust þér höfðingja-ættina á,
því ósjálfrátt fyrir huga mér brá,
hve höfðinglega þér höguðuð yður
við hófið í gær! Það mun vera yðar siður!
Við sveina mína þér lögðuð þá lag,
þótt líki yður ekki við þá í dag!
Þeir glaðir sem þér af víninu voru,

mér virtist um deyfðina sízt þurfa að kvarta!
En hvernig að lokunum leikar þeir fóru,
það lá mér ei sérlega þungt á hjarta.
En þér virðist gleymt hafa atvikum öllum,
og einnig því, sem er hvarvetna siður,
að sá, sem er valdur að veizluspjöllum,
hann vanalega um afsökun biður.

Teitur:

(Æfur).

Þér vogið að hæða mig — ofan í annað,
sem er hér skeð!

Biskup:

Eg get meira' en sannað
margt hótunarorð og athæfi ljótt,
sem yður gleymdist að leyna í nótt.
Það er úti um vinfengið okkar í milli,
þér eruð ei verður biskupshylli.

Teitur;

Já, hylli yðar eg hafna glaður,
því höggormin faðmar ei nokkur maður.

(Tekur vopnin ofan af veggnum).

Hafið þér séð þennan hjör og skjöld?
Það hreyft var ei síðan á Sturlungaöld.
Það hefir hvílt við minn herbergisvegg,
síðan hlekkina tók þessi fámenna þjóð,

en ryðið, sem dreift er um odd og egg,
er ef til vill níðingsins hjartablóð.

Þórdís:
(Í skelfingu).
Hvað hugsarðu, Teitur —?

Teitur:
Það ósnerta eina
af arfi mínum í dag vil eg reyna.
Því annars gætu þeir ekki legið
án þess að hrinda af sér grafanna dróma,
sem hafa úr skeiðunum hjör þenna dregið
og höggvið og lagt fyrir rétt sinn og sóma.

Biskup:
(Hikandi).
Þér haldið eg vopn yðar hræðist —?

Teitur:
Nei.
Eg held þó að bleyða þér séuð ei.
En nú verður, biskup, að skríða til skara.
Hinn skjótasti dómur bezt þrætuna styttir.
Og hvorugur okkar skal út héðan fara,
unz algerlega við skiljum kvittir.
Verjið þér yður!

Þórdís:

(Hleypur á milli þeirra).

Ó guð minn góður!
Gættu þín, Teitur, og vertu' ei svo óður.

Teitur:

(Sækir að).

Burt með þig!

Biskup:

Hjá'p!

Þórdís:

Já, í herrans bænum!
Hjálpið þið strax! Hvað, er enginn í bænum!

Biskup:

Hjálp!

Teitur;

Sko ragmennið! Hann er þá svona!
Hlífðu' ekki geitinni! Burt með þig, kona!

(Sveinar biskups koma inn).

Biskup:

Komið þið, sveinar, og höndlið hann.

(Rogginn).

Eg höggum ei skifti við óðan mann.

Teitur:

(Ver sig).

Ef vogið þið að mér, eg engum 'hlífi.
Þið illmenni! Forðið þið strax ykkar lífi.

(Sveinarnir ráðast á hann og taka af honum vopnin og halda honum).

Þórdís:

Ó lof og þökk sé þér, himneski herra,
að hér skeði' ei neitt, sem er langt um verra.

Biskup:

Nú eigið þér, Teitur, um tvent að velja,
— ég tek mér það nærri að beita helsi —
og viljið biskupnum sjálfdæmi selja,
eg sel yður aftur grið og frelsi.
En þung verða annars yðar kjör.

Teitur:

Nei, aldrei, svo lengi sem hefi eg fjör
og þrótt í beinum, á þessari jörð
að þvílíkri geng eg sáttargjörð.
Við alt það, sem heilagt og háleitt er til,
eg hátt og skýrt yður fjandskap sver.
Og ætlun þá heldur eg ekki dyl
að aldrei til lengdar þér haldið mér.

Biskup:

Við hlekkjum hann þá á höndum og fótum

og höfum hann með oss til Skálholtsstaðar;
þar verða' honum stundirnar vonandi glaðar
í vist með fleirum af slíkum þrjótum.

(Sveinarnir stimpast við að koma Teiti út).

Þórdís:

Ó biskup, ó herra, eg bið yður nú — —

Biskup:

Burt með hann! — Verið þér sælar frú!

Þórdís;

(Grátandi á hnjánum).

Eg bið yður náðar.

Biskup:

Óttist þér eigi!
Hann auðmýkist kannske frá þessum degi.

(Þeir fara).

Þórdís:

(Yfirkomin af sorg).

Þeir fara með hann! Eg er eftir ein.
Hvað á eg að gera?

(Byrgir andlitið í höndunum og grætur um stund fyrir framan Maríumyndina. Stendur síðan upp og lítur út um gluggann)

Á slíkum degi,

þá hamingjusól mín sem heitast skein!

(Hugsar sig um, og verður rólegri).

Nei — hann mun aldrei gera' honum mein,
til þess er lund hans of hlý og hrein —
hann sagði mér seinast að óttast eigi.
Hann lætur hann ef til vill glópskunnar gjalda
og geð hans mýkir á einhvern hátt,
en lætur hann síðan heim aftur halda
sem höfðingja sæmir með friði og sátt.

(Aftur hugsandi).

Hvað gerði Teit svona gramt í sinni —?
Mig grunar svo margt. Var það framkomu minni
að kenna? Hefi eg hafst það að,
að hann gæti fundið þeim grunsemdum stað
að eg væri horfin frá heitum og trú?

(Með geðshræringu).

Já, hlekkirnir, sem honum þjaka nú,
væri réttlát hefnd yfir hann, ef svo væri
að hugsun slíka til mín hann bæri.

(Aftur við Maríumyndina).

Ó, eg er svo ung. Eg hef aldrei þekt lífið.
Mér ógnar að horfa á sorgina og kífið.
Eg veit — eg var ef til vill óvarkár,
og efinn mig grípur svo pínandi sár.

(Fórnar höndum).

Ó, himneska, guðsmóðir, heilaga, blíða,
hjálpaðu mér til að þola og stríða.
(Þurkar af sér tárin og verður aftur róleg).
Eg finn hjá mér styrk hverjum mótbyr að mæta.
Hvað mér er að kenna, skal eg aftur bæta.

II.

(Lítil stofa í bænum í Skálholti. Dyr í aftursýn inn að herbergjum biskups og dyr til hægri; gluggi til vinstri, sem tunglsljósið leggur inn um. Lítið af húsgögnum. Hlemmur í gólfinu.
Hægra megin við dyrnar í aftursýn er fjöl rifin úr þilinu og þar á bakvið skápur með vínföngum. Veizluglaumur heyrist inni í stofu biskups.
Þorlákur og Þorkell sitja með ljóstýru á kolu í stofunni. Þorkell er syfjaður og „dregur ýsur“.
Undir leiksviðinu heyrast þung högg, eins og barinn sé harðfiskur).

Þorlákur:

Nú hrýtur hann! Vaknaðu, helvízkur slóði!

Þorkell:

Eg hefi' ekki sofnað. Eg vaki, góði!

Þorlákur:

Já, nú er tíminn að vera á verði
og „vaka og biðja“ af öllum kröftum,
því hirtingin, vopnuð með hrísi' eða sverði,
nú hlífir ei mannanna axarsköftum.
Nú hrýtur hann aftur!

Þorkell:

Eg heyrði hvert orð.
En hvað varstu' að tala um sverð eða morð?

Þorlákur:

Þú ert hreinn og beinn slæpingur, heigull og rola!
Hrestu þig, lagsmaður! Reyndu að skola
mókinu burt! Þetta er bezta öl.
Fari bölvað, ef þú átt á slíku völ
í garðshorni þínu.

(Heldur að honum drykknum)

Þorkell:

Nei, maður minn!
þar mysa er til, þegar allra bezt lætur.

(Geispar).

Eg ólukkans þreytu í augunum finn,
því eg hef nú vakað í margar nætur.

Þorlákur:

O, þvættingur! Vökuna verðurðu að þola,
og vaka jafn trúlega fyrst og seinast.
Eða heldurðu kannske þín kotungshola
kæmi þér undan, ef skyldirðu reynast
ótrúr á verðinum! Veiztu nú hvað,
það er vandi að lifa á þessum dögum.
Menn telja nú gildustu gæfuna það,
að geti þeir komist hjá höggum og slögum.
Hvað, ertu nú sofnaður? Auli, gaur!

Það ætti að setja' á þig vökustaur!
Vaknaðu!

Þorkell:

(Hrekkur upp).

Heyrðu, eg var ekki sofandi.

Þorlákur:

Upp! Vaknaðu, fjandinn þinn! Réttu úr hlykkjunum!
Því nú skaltu bragða á betri drykkjunum.
(Gengur að þilbrestinum og dregur þar út leirbrúsa).
Eða sérðu' ei, hver ógnun er yfir þér vofandi? —
Í kotinu alt af er að þér hlúað,
þú ert hér sem heima í biskupsins ranni,
og fyrir því veglega verki' er þér trúað,
að vaka með mér yfir sakamanni.
En kannske þig fýsi að flýi hann,
svo flyttir þú sjálfur í kjallarann?

Þorkell:

Nei, herra minn trúr!

Þorlákur:

Á heyja-dýnum
í horninu geturðu sofið í næði.
Svo skemti þér hringlið í hlekkjunum þínum!
Það er hreint ekki slæmt! En hérna' er nú lögur.
Af honum ganga' ekki slæmar sögur!

Þorkell:

Eg vil ekki meira.

Þorlákur:

Þú verður að smakka.
Annars veltur þú út af. Nú, taktu til þakka,
Í kvöld er hér veizla; og við skulum sjá
um að verða' ekki öldungis settir hjá.

Þorkell:

En þetta er stolið.

Þorlákur:

O, þegiðu, bjáni!
Sko, þjófarnir fagna oft mestu láni.

Teitur:

(Opnar hlemminn í gólfinu og kemur til hálfs upp í uppgönguna; hann er illa til fara og mjög niðurbeygður. Hann leggur nokkra barða harðfiska upp á skörina).
Hérna er fiskurinn. Hafið þið fleiri?
Við höggin eg dálítið betur eiri.
Eg kemst ekki hærra, það hægt er að sjá,
því hlekkirnir mínir ei lengra ná.
Í steininn er annar endinn greyptur,
en utan um legginn er hringur steyptur,
og raðirnar á honum þungt mig þjá,
því þar er nú kvikan marin og blá.

Þorlákur:

(Skoðar fiskinn).

Já, fiskurinn sá, hann er svei mér barinn.
Menn sjá hvað þeir missa, þá þú ert farinn.

Teitur:

(Þunglyndislega)

Já, einhver mun sakna mín sárt, ef eg fer,
en seint mun hún gleymast mér, vistin mín hér.

(Hlustar).

Ei heyrist enn þá neinn hófadynur
né hljómur af vopnum við staðarins dyr,
frá átthögum birtist ei enn þá neinn vinur,
sem ótrauðri röddu um fangann spyr.
Þeir koma á endanum — öflugt lið,
sem umkringir staðinn og veitir ei grið.

(Við Þorlák).

Eru hér gestir?

Þorlákur:

Já, glaumur og kæti.
Eg get varla skilið í, hvernig þú spyr,
eða heyrirðu' ei veizlunnar háværu læti
hinum megin við þessar dyr?

Teitur:

Og þekkirðu fólkið?

Þorlákur:

Já, það eru hinir
þekkustu biskupsins aldavinir.

Teitur:

Nú, þá er þar enginn að austan.

Þorlákur:

Eg veit
þar ekki um nokkurn úr þinni sveit.

Teitur:

Já, þar mun ei skortur á vistum og vínum;
hann veit hvað hann bjóða má gestunum sínum.
Góða nótt, verðir!

(Fer niður og lokar hlemmnum á eftir sér).

Þorlákur:

Góða nótt.
Eg gjarnan þess óska að sofir þú rótt!

(Við Þorkel).

Eg átti' ei við þig. Nei, þú átt að vaka!
Þrákálfur, drektu! Slíkt mun ekki saka.

(Heldur fast að honum víninu).

Súptu nú duglega dunknum á,
og drífðu' í þig snerpu og láttu nú sjá
og ber þig sem hermaður, beinasninn þinn,
því biskup er vís til að líta hér inn.

(Hlustar við dyrnar).

Hann er víst að koma.

(Þrífur óþyrmilega í Þorkel).

Nú, upp með þinn haus!

(Flýtir sér að koma vínföngunum fyrir).

Eg ólánsgrey! — Nú er skrattinn laus.

(Biskup, sveinar hans og veizlufólkið kemur inn. Þorlákur hneigir sig auðmjúklega, og Þorkell reynir að bera sig svo mannalega sem hann getur).

Biskup:

Við lifum hér, vinir, við leiðindastríð.

1. biskupssveinn:

Þetta' er lastanna öld.

2. biskupssveinn:

Þetta' er guðleysistíð.

Biskup:

En þvermóðska mannanna þó er verst,
því það ber vitni um andlega pest,
sem þarf að uppræta, aga og tifta
með eldi og járni, ef því er að skifta,

(Við Þorlák).

Sækið þér Teit.

(Réttir honum lykil að hlekkjunum).

Þorlákur:

(Tekur við lyklinum, hneigir sig djúpt og fer niður).

Biskup:

(Aftur við gestina).

Eg skal sýna' ykkur kauða,
sem situr í haldi í fjósinu auða
hér neðan undir.

(Hlátur inni í þyrpingunni).

Það er enginn minni
en austfirzkur „goði“ með hári og skinni!

(Aftur hlátur).

Hann ætlaði að heimta' af mér hagatoll,
eða hvað það nú var, fyrir landseta sína!
Svo kvartaði' hann um það, að kurteis og holl
kvenþjóðin væri við sveina mína!

(Almennur hlátur).

Svo var hann mér alt að því orðinn að meini,
hann ætlaði að bora í mig ryðguðum fleini.
Svo tókum við „prúðmennið“ undir eins,
svo öðrum hann skyldi' ekki verða til meins,
Og landsetum hans virtist ljúft að sjá,
er lagði' hann af stað þeirra augum frá!
Við höfðum þá tvo, þessa heiðursgesti,
hinn var norðan úr Eyjafirði;
hann þóttist í héraði maður hinn mesti
og meira en fáeinna bænda virði.
Hann bar sig svo aumlega að hann sendi eg
aftur heim, því í brjósti' um hann kendi eg.
Hann stýrir víst framvegis fótsporum sínum
frá því að lenda á vegi mínum.

En Teitur verður hér víst fram að þingi,
þá verður hans sök dæmd í almenningi.

Teitur og Þorlákur:
(Koma upp um uppgönguna).

Biskup·
(Í ísmeygilegum kennimannsróm).

Það á ei við brjóst mitt að beita menn hörðu.
Eg ber mig að láta einnig þá,
sem allra harðast á hluta minn gjörðu,
hógværð og biðlund í hvívetna sjá.
Hjá öðrum þjóðum menn eru neyddir
til afturhvarfsins á margan hátt;
þar eru þeir kreistir og klipnir og meiddir
og kvaldir, unz játa þeir frið og sátt.
Eg fer með óvin minn eins og bróður
og aldrei eg baka' honum meiðsl eða tjón,
en þreyi mildur og þolinmóður,
þar til hann sér sína yfirsjón.

1. biskupssveinn:
(Treður sér fram með bikar í hendinni).

Í kvöld við hressum oss, herra Teitur,
nú hljómar Skálholt við „súss og dús"!
En þér eruð eitthvað svo undirleitur,
Má ekki bjóða' yður hálfa krús?

Teitur:
(Hristir höfuðið).

Sveinninn:

(Enn þá háðslegri).

Þér munið — af víni þér verðið svo glaður
og veizlunni eystra ber sízt að gleyma!
Í sannleika þér eruð samkvæmismaður!
— Þér sýnið oss traust með að vera sem heima!

(Heldur bikarnum upp að andliti hans).

Teitur:

(Slær bikarinn úr hendi hans).

Biskup:

(Bendir sveininum og lætur sem sér misliki. Snýr sér að Teiti).

Eg vona, að hafið þér, herra minn,
nú hugsað um mál vort í ró og næði.
Eg engan kala til yðar finn,
ef að eins til sættanna mál vort næði.
Eg helzt vil það afgert sé hér í tómi,
svo hægt sé að komast hjá alþingisdómi.

(Stutt þögn).

Hvað sjálfan mig snertir, það alkunnugt er,
að einskis eg krefst handa sjálfum mér,
og til þess að sátt megi trygga kalla,
skal tilræðis-sökin niður falla.
En mótþróann gegn mér sem biskupi ber
að bæta til fulls — þetta vitið þér.
Sé áreittur biskup á embættisferð,
þá er með því kirkjunni mótspyrna gerð.

Í þeirri sök vil eg sjálfdæmi hafa;
en samt vil eg jafnframt því yfir lýsa,
að ef þér um réttmætið eruð í vafa,
til erkibiskups eg málinu vísa.
Það er enginn dómstóll hér innan lands,
sem yfir sé settur skoðanir hans
í kirkjunnar málum. En auðvitað er
að ekki hann vægar með sökina fer.
En misbjóða vil eg sem minst yðar högum,
og mínir skilmálar verða' ekki harðir;
þó verðið þér sjálfsagt að lúta lögum
og láta til stólsins fáeinar jarðir.
Og sömuleiðis, ef svo ber við,
að sýna mér hlýðni og veita mér lið.

Teitur:

(Þegir og hristir höfuðið).

Biskup:

(Blíðróma).

Þér sjáið hér nokkra af mönnum mínum.
Hvort mun ei sú sveit yður fylgis verð?
Þeir brugðu sér hingað frá búum sínum
á biskupssetrið í kynnisferð.
Eg þori að segja þeim yndi það er,
ef í þeirra félagsskap slægjust þér.

(Raddir úr hópnum: Já, heyr, o. s. frv.)

Og hugsið þér um þá, sem eystra bíða
yðar komu með sorg og kvíða.

Teitur:

(Horfir svo hvast á biskup, að hann hopar fyrir augnaráði hans).

Ég sé það, að gestunum yðar til æru,
þér eruð í dag klæddir sauðargæru.
Því virðist úr minni yðar burt vera bolað
að bæzt hefir við það, sem eg hefi að klaga.
Að eg hefi háðung og hrakfarir þolað
og hlekki borið um nætur og daga.

(Sýnir leggina).

Sko, þetta eru hlekkjanna sár — þau svíða,
þó svíða mér önnur dýpri í hug.
Eg hefi mátt kulda og hungur líða;
þó hefi eg enn þá kraft og dug
að bíða, unz frelsisins fagri ljómi
fangelsismyrkrinu aldurinn styttir. —
Við hittumst annars hjá alheimsins dómi,
ef ekki hér neðra við skiljum kvittir.

Biskup:

(Glottandi).

En skyldi nú þrjózkan yfir yður
egna kirkjunnar þunga bann,
sem himninum lokar — þá held eg, því miður,
að hittumst við ekki við dómstólinn þann.

Teitur:

(Sparkar í hlemminn í gólfinu).

Þótt eigið þér vald yfir hleranum hér,
ei himinsins inngang þér verjið mér.

Biskup:

(Harðlega við Þorlák).

Við minkum kostinn og herðum hans hlekki!
Að hlífa þrjótinum dugir ekki.

Þorlákur:

(Hneigir sig til samþykkis).

1. biskupssveinn:

Nú drekkum vér minni' yðar! Heill yður, hetja!
Það er hart að láta svo frægan mann setja
í hlekki og járn undir loku og lás,
og láta hann hvíla í nautabás!

Teitur:

(Stælir hnefann).

Á meðan afl er í örmum mínum
og ekki af hlekkjum eg fleira ber,
má biskupinn gæta að sveinum sínum,
að séu þeir oftast sem fjarstir mér,

Biskup

(gefur Þorláki bendingu; hann fer niður með Teit, kemur svo aftur og lokar hleranum. Sveinar biskups og gestirnir reka upp skellihlátur, og fara síðan út í

aftursýn, með glaum og gleði. Þorkell er sofnaður á bekknum).

Þorlákur:

(Stendur með krosslagðar hendur á brjósti og horfir á eftir fólkinu, þar til hurðin er komin aftur. Heldur síðan upp lyklinum að fjötrum Teits og hlær hátt).

Já, vesalings glóparnir! Hlæið þið hátt!
Sá hlær þó léttast, sem gerir það seinast.
Um framtíðar-viðburði vitið þið fátt,
því vitringasjónirnar skammsýnar reynast.
Og Þorkell minn, ræfillinn! Nú fékkstu næði,
því nú máttu sofa við draumanna gæði!
Það yrði mér sorglegur endir á „gríninu,"
ef áhrifin brygðust af stolna víninu!
En hvar er nú húsfreyjan?

Þórdís:

(Í dyrunum til hægri. Torkennilega klædd, með blæju fyrir andlitinu.

Hérna.

Þorlákur:

Eg skil
að hestarnir muni þá vera til.

Þórdís:

Þeir standa týgjaðir bak við bæinn.
Tveir beztu reiðskjótar. — Hérna inni —?

Þorlákur:

Er alt saman búið sem bezt í haginn,
hér brestur ei neitt að ætlan minni.

Þórdís:

Það ganga mun ört yfir ísinn sléttan,
því óhætt mun vera að ríða léttan.
Eg vona, þá nóttin enduð er,
að austan við Þjórsána verðið þér.
En ég kem á eftir — já, ef til vill bráðum,
og eystra ég vænti að heilsa ykkur báðum.
Fylgi' ykkur guð. En gleymið ei einu,
að geta ekki húsfreyju Teits að neinu.

Þorlákur;

Treystið þér öruggar á mín heit,
og eitt skal ganga yfir mig og Teit.

(Þórdís fer. Þorlákur lítur út).

Hve tungsljósið blessað þó tindrar um grund!

(Opnar hlerann og kallar niður).

Teitur!

(Teitur svarar niðri).

Nú skín hún, þín lausnarstund!
Hérna er lykill að hlekkjum þínum.
Kom hingað, og farðu að ráðum mínum.

Teitur

(Kemur upp).

Þorlákur:

Þá biskup og vini hans grunar ei grand,
hvað gerist hér inni. En hestarnir bíða
tygjaðir úti. — Það er ágætt að ríða.
Við förum nú undir eins austur á land.

Teitur:

Hvað? Eru þeir komnir að austan?

Þorlákur:

Nei —.
Ef ert þú að tala um sveitunga þína. —
Í fötunum þessum þú ferðast ei.
(Sækir föt út til hægri).
En fleygðu' þér sem skjótast í garmana mína.

Teitur:

(Forviða).
Og þú ætlar með —! Það er meining að strjúka!

Þorlákur:

Það er mál komið vistinni hérna að ljúka.

Teitur:

(Bendir á Þorkel).
Og hann þarna —?

Þorlákur:

Verður oss varla að háska.
Hann vakti sig þreyttan—eg fylti' hann í gáska!

Teitur:

(Hugsandi).

En Þorlákur — Hvernig á þetta að skilja?
Nei — þetta er alt gagnstætt mínum vilja.
Þeir koma og frelsa mig fyr eða síðar.
Að flýja er skömm. Eg vil heldur bíða.

Þorlákur:

Hvað, ertu frá vitinu? Ætlarðu að sleppa
því eina færi, sem boðizt getur?
Eða viltu þig heldur í hlekkjunum kreppa
og hýrast þarna í allan vetur?

Teitur:

Ég get ekki vel þessu áttað mig á. —
Ég alt af hef beðið með sárri þrá
um daga, sem ætluðu aldrei að líða,
þess augnabliks að eg heyrði þá stríða
til frelsis mér, þessa fræknu drengi
í fjörðunum eystra, sem þekt hefi eg lengi.
Eg leit þá í anda til staðarins stefna
og stálunum blikandi mót honum snúa,
og hverrar vanvirðu harðlega hefna,
og hlekkina brjóta og fangelsið rjúfa. —
En von á því hefi eg aldrei átt,
að eg mundi frelsast á þennan hátt.

Þorlákur:

En gleymdu' ekki því, það er höfuðlaus her,

þá höfðingjann vantar — þeir bíða' eftir þér.
Það ert þú, sem átt þeim til staðar að stefna
og stýryrði þín gagnvart biskupi' að efna.
En komdu nú með. Hér má ekki bíða!
Minstu, hvað tíminn er fljótur að líða.

Teitur:

Í herrans nafni og heilagra manna —!

(Tekur að klæða sig).

Þorlákur:

Sko hjarnið, lagsmaður! Þú munt sanna
að þetta verður oss fagnaðarferð —

(Við hurðina í aftursýn í lágum en háðslegum róm).

Nú fer eg, biskup minn, vertu í friði
með þínu ágæta, írska liði —
sú sveit hún er allrar virðingar verð!
Eg skil eins og vert er við þjónustu þína,
og þess eg af hjarta óska vil,
að allir, sem vilt þú til illverka brýna,
þér einnig gerðu hin sömu skil.
En til þess að hrekja burt hrollinn úr sál,
sem hlýtur að leiða af syndum mínum,
eg drekk nú með gleði' okkar skilnaðar skál!—
Og skila' ekki framar víndunknum þínum!

(Drekkur og lætur svo ílátið í vasa sinn)

Ertu svo tilbúinn eða hvað?

Teitur:

Já, öldungis til. — Nú skal haldið á stað.
(Ógnar með hnefanum að hurðinni).
Illmenni, sittu við öl þitt og „svír“ —
mín afturkoma skal verða þér dýr!
(Þeir fara).
(Nokkur stund líður).

Þorkell:

(Fer að rumskast og dettur við það niður af bekknum og vaknar með drykkjuóráði).
Hæ, Þorlákur! — Áttu' ekki enn þá dropa
eftir í dunknum? — Það mundi ekki saka
að fengi eg að eins örlítinn sopa!
Eg á svo dæmalaust bágt með að vaka.
(Biskup og 1. biskupssveinn koma í aftursýn).

Biskup:

Hvað gengur á?

Þorkell:

(Bröltandi á gólfinu).
Þei. hafðu' ekki hátt!
Þeir heyra það ef til vill þarna inn!

Biskup:

Viltu' ekki segja mér, við hvern þú átt?

Þorkell:

Æ, vertu nú fljótur sjóðinn þinn!
Mig svimar og kverkarnar sviða mér,

Biskup:

Segðu mér strax, hvar hann Þorlákur er.

Þorkell:

O-h, Þorlákur — hann er víst þarna inni
í þilinu
(Bendir).
Hann er að ná í dunkinn.

Biskup:

En hvað gekk á, þegar heyrði eg hlunkinn?
Og hvaða lykt er af skikkjunni þinni?
Nú hefirðu sofið!

Þorkell:

(Auðmjúkur).
Nei, herra minn!
Eg hef ekki blundað í margar nætur.

Biskup:

Og svo ertu drukkinn!
(Sparkar í hann).
Nú farðu á fætur!
Hvar er fanturinn hinn? Hvar er lagsbróðir
þinn?
Nú hvar er Þorlákur?

Sveinninn:

Þarna er brestur

í þilinu, herra. Þeir náð hafa miði!
Ekki' er það furða, þótt fuglinn sé hrestur!
Það er farsælt að treysta slíku liði!

Biskup:

Hvar er hann? Svaraðu þrjóturinn þinn.

Sveinninn:

Og þarna er opinn hlemmurinn.
En fanginn —?

Biskup:

(Gætir að).

Heilagi himnaskarinn!
Hlekkirnir liggja þar. Teitur er farinn.
(Þögn og vandræði um stund).

Bóndi:

(Kemur inn hægra megin, móður).

Ég var staddur hér úti — En áður mig varði,
eitthvað svo kynlega þaut mér hjá.
— Eg varla fæ sagt, hversu við mér brá —
það var líkast draugum úr kirkjugarði.
Eg langa skugga sá líða' eftir fönnum,
í laginu svipaða ríðandi mönnum.
En eldneistar bláir úr hófunum hrutu,
er hestarnir áfram í loftinu þutu.
Þeir fóru, ei, sem leið liggur, austur að Iðu,
nei, ána hjá Þengilseyri þeir riðu! —

Já, getið þér trúað — í gaddi sem nú
það gera' engir menn, það veit mín trú.
Svo heyrði' eg á ísnum hófaskelli,
þeir hurfu mér suður að Vörðufelli.
En það voru svipir, — eg segi það enn.
Því svoleiðis ríða' engir lifandi menn.

Biskup:

(Stendur um stund sem þrumulostinn).

Þótt hundrað vinir mig hefðu svikið,
það hefði' ekki skelft mig líkt því eins mikið
sem það, sem er skeð. Og þennan Teit
hann þyngstan og skæðastan fjandmann eg veit.

(Með angist).

Og Þorvarður nyrðra! — Ef ná þeir saman,
er næðið úti. Það verður ei gaman.
Nú safnast skýin um Skálholts-setur
og skugganna fylking sín hergögn hvetur.

(Skipandi).

Að veita þeim eftirför er það bezta.
Útbúið samstundis menn og hesta!

(Biskupssveinninn og bóndinn fara. Biskup sparkar í Þorkel).

Út með þig, svikari!

(Þorkell stendur upp, þó illa gangi, og skjögrar út á eftir hinum).

Afglapinn sá
skal iljastroku á morgun fá.

Þórdís:

(Sem er komin inn nokkru áður, en hefir staðið álengdar, kemur fram),

Til hegningar hefir hann ekkert unnið.
Það er eg, sem hef brögð þessi saman spunnið.

Biskup:

Hvað? Þórdís! Hvaðan ber yður að?

Þórdís:

Það er æðilangt, síðan fór eg af stað
frá búi mínu og heimahögum.
En heima' á eg hvergi á þessum dögum.
Eg hvarfla sem húsvilt um héruð og sveitir,
og hefi í margs konar þrautir ratað;
en ekkert mér frið eða fróun veitir. —
Mér finst sem alt slíkt sé úr lífinu glatað.
Eg hefi í yðar húsum dvalið
um hríð, en sem þjófur mig jafnan falið.

Biskup:

Og erindið var —?

Þórdís:

Það vitið þér
nú vel, fyrst tómt yðar fangelsi er.

Biskup:

Hví gerðuð þér þetta?

Þórdís:

Eg gerði það bezta.

Biskup:

Nei, góða frú mín, — það allra versta.

Þórdís:

Þá Teitur var farinn það fullljóst mér var,
hvað fyrst af öllu mér gera bar.
En á hvaða hátt eg það framkvæmt fengi,
það fann eg ei greitt, þótt eg hugsaði lengi.
En áformið það, sem í anda mér bjó,
kom alt af á ný, og það gaf mér ei ró.
Það dafnaði stöðugt. Gegn stríði og harmi
það stælti kraftinn í armi og barmi.
Eg leyfði' ekki neinum að leggja mér ráð,
eg lokaði inni minn harm og minn vilja,
og því hefir engum auðnast að skilja
það áform sem nú hefir sigrinum náð.
Um margs konar ófærur leið mín lá,
eg leið hinna voluðu ferðakjör;
í ótal spyrjandi augum eg sá,
hve undarleg fanst mönnum þvílík för.
Og þess vegna' er heldur enginn, sem veit
að eg hefi farið að leysa Teit.

Biskup:

Yðar ráð hefir heppnast of vel — því er ver.
Þér vitið ei enn þá, hvað gert hafið þér.

Þórdís:

Eg hefði svo vel getað herkveðju sent —
því herliðið stóð út í hvatvetna búið,
og hefði eg að eins með hendinni bent,
var hálfri þjóðinni gegn yður snúið.

Biskup:

En því varð ei neitt af þvílíkri ferð?

Þórdís:

Nei — þetta ráðið eg heldur vildi.
(Hálf-hikandi).
Á orustudögum manns eigin sverð
þann oftlega særa, sem hlífa skyldi.
(Djarfari).
Eg áleit því þetta hið einasta ráð,
svo yrði' bonum héðan með friðsemi náð.

Biskup:

Þér gerið mér getsakir. Óvíst það er,
hvað eg hefði gert, hefðuð komið þér
og beðið mig ásjár. Já, enginn það veit —
því ef til vill hefði eg sætst við Teit.

Þórdís:

Það mistraustið einungis yður eg kenni.
Það orðið, sem síðast eg heyrði' yður segja,
það virtist mér koma frá mikilmenni,
sem mundi' ekki reyna sinn óvin að beygja.

með dýflissuvist og með hlekkjunum hörðum
og hótun um missi á fé og jörðum.
Eg bað yður eitt sinn — eg bað þá og grét.
Þér bæn mína smáðuð — og heimleiðis glaður
þér hélduð sem frægari' og meiri maður
en áður, með herfang! — Þá huggast eg lét.
Þá fann eg, að bænin mér einhlít var eigi,
og upp frá því valdi eg sjálf mína vegi.

Biskup:

Hvað yðar koma fær af sér leitt,
er ekki nokkur svo forspár að sjá.
Um mann yðar veit eg það einungis eitt,
hann elur fjandskap og hefndar þrá
í brjósti sínu. Það sjást mun brátt,
að sízt á eg vinum að fagna þar
sem hann er fyrir. — Það versta var
að við skyldum skilja á slíkan hátt.

Þórdís:

Þér búizt við hefndum. — Þá auðsætt það er,
þér ei hafið gert það sem satt var og rétt.
(Djarflega, en þó í lágum rómi).
En hafið þér aldrei vænt hefnda frá mér?
Er hjarta' yðar gagnvart mér saklaust og létt?
Þér hafið mig skilið mitt heimili við,
svo hvergi er lengur skjól að fá.
Þér hafið upprætt minn innra frið
og áhyggjur skapað mér.

Biskup:

Hvernig þá?

Þórdís:

(Hærra og dálítið örara).

Með orðum — með hjartnæmum eldlegum skeytum,
með örvum frá sál yðar. glóandi heitum,
sem blóð mitt til stöðugrar ókyrðar æstu,
sem alt af í hjarta mitt dýpra sig læstu.
Þér mintust á framsókn hins fagra og hreina,
á fylgi yðar sjálfs við hið stóra, eina,
sem getur lífshnossið lýðum veitt
og leggur það tvístraða saman í eitt.
Þér mintust á yðar einstæðingsskap
og af honum leiðandi sigurtap.

(Lækkar róminn).

Svo sögðuð þér: „Einungis yður lík
hún ætti að vera, sem rétti mér hönd,
svo ung, en svo kappsöm og kærleiksrík
með kappið og ylinn í sinni önd.
Þann yl, sem helgasta eldinn glæddi,
sem á að vígja minn framtíðarstig,
þann yl, sem nístandi ísinn bræddi
úr öllum þeim sálum, sem hata mig".

(Nokkuð harðlegar).

Var þetta ekki blekking? Var þetta ekki snara?
Með þvílík orð skyldi' ei nokkur fara

nema' í fullri' alvöru. — Enn þá í dag
þau eyru mín snerta sem sungið lag.
Nú viljið þér heldur halda Teiti
í hlekkjum, en eg yður liðsinni veiti.

(Stutt þögn).

Biskup:

(Sem hefir horft forviða og hikandi á Þórdísi, meðan hún talaði).

Nú finn eg hvað heimsókn yðar er.
Þér!

(Með tilfinningu).

Engillinn sendur til styrktar mér!
Í stríðinu verða menn vondir og kaldir
og villast af göfginnar réttu braut,
svo hefir það verið um allar aldir,
þá ástina vantar sem förunaut.
Mitt líf hefir mikið af illgresi alið,
sem ýmislegt gott hefir kæft og falið,
en návist yðar í anda míns leynum
aftur framleiðir blóm úr steinum.
Eg finn eg er sekur í augum yðar,
eg, aumingja syndarinn, bið mér friðar.

Þórdís:

(Við gluggann).

Sko birtuna úti! Sko blikandi mjöll!
Sko brimið um Heklu og Eyjafjöll!
Þar brotnar tunglskinsins óhemju alda,

sem áfram streymir í loftinu kalda.
Sá dýrðlegi straumur mig bráðum skal bera
á burt — því hérna eg ekki má vera.
Mitt heimili' er rofið og niðurnítt,
eg er næstum sem húsvilt, eg hvergi' á heima,
Nú ætla' eg að reisa mér annað nýtt
og öllu, sem skeð hefir, reyna að gleyma.

Biskup:

Farið þér ekki, ó, farið þér ekki!
Mér finst sem þér rænið þá lífs míns vonum!

Þórdís:

Þér viljið að beri eg bónda míns hlekki?
Eg braut gagnvart yður, þá liðsinti' eg honum.
Eg viljug skal dýflissu-vistina reyna,
eg viljug skal finna mig gleymda og eina.

Biskup:

Nei — frjálsar þér skuluð sem vindurinn vera.
Því vinir biskups ei hlekkina bera.

Þórdís:

(Eins og fyrir munni sér).

Hvað var það, sem hingað mig lokkandi leiddi?
Það lét mér í eyrum sem fjarlægur hljómur.
Hvað var það, sem ró minni allri eyddi
og áfram mig knúði sem forlagadómur?
Hvað studdi mig áfram um óbygða sanda

með óreiðum vötnum til beggja handa?
Hvað fylgdi mér jöklanna fram hjá bungum,
þar flóðið brýzt undan skriðjökulstungum,
sem bylgjast um sandinn sem feikna-feldur
af fjallsins herðum að takmörkum lands,
þar vörð fyrir ströndinni hafrótið heldur
og hefur á rifum sinn ferlega dans?
Hvað leiddi mig alls konar ókunna vegi
án allra bendinga, sveit úr sveit?
Hví virtust mér hætturnar ókleifar eigi,
svo aldrei eg hikandi kringum mig leit?
Í æskunnar draumkendu æfintýrum
sig oft fyrir sjón minni Skálholt hóf,
og sagan úr minningum mörgum og dýrum
sinn marglita dúk kringum staðinn ófi.
Hvað leiddi mig hingað? Hann, sem þráði
þá hönd, sem fjötrana sundur sniði?
Eða annar, sem baráttu beiska háði
fyrir betrun lýðsins og heill og friði?
Var það bending, frá himninum send minni sál,
eða Satan, með freistingar, snörur og tál?
(Eftir litla þögn).
Ef koma mín hingað til óheilla er,
og af því, sem gerði eg, Skálholti hætt,
er mér skyldast að fá úr því böli bætt. —
Þá bíður heima mitt verk eftir mér.

Biskup:

Ó, farið þér ekki! — Nei, ekki að sinni,
þér engill til verndar á götu minni.
Mig umkringja hættur á allar hliðar,
eg öllum framar þarf handleiðslu yðar.
Eg gerði yður rangt til — það vel eg nú veit,
eg viltist af skyldunnar ógreiða vegi.
Ó. leiðið þér fótspor mín! Farið þér eigi!

(Tekur án hindrunar um báðar hendur hennar. Eftir stutta þögn).

Og enginn héðan skal elta Teit.

(Sleppir höndum hennar og flýtir sér út hægra megin).

Þórdís:

(Í baráttu við sjálfa sig).

Mig svimar! Mér eitthvað um eyrun þýtur,
sem ofsarok eða forsa niður.
Ó hvað hefi eg gert? Hvar er farsæld og friður?
Hvar finn eg þann stað, þar sem baráttan þrýtur?
Hvar opnar hvíldin mér arma sína?
Er allur heimurinn fullur með tál?
Er aldrei að treysta' einni einustu sál?
Er alt saman gert til að villa og pína?
Mín sjón er óskýr og þokuþjáð.
Eg þarfnast ljóss! Ó, mig skortir ráð,

Dýrðlega guðsmóðir, himneska, hreina,
hjálpa mér, lýstu mér veginn að greina.
(Hún krýpur niður við bekkinn, byrgir andlitið í höndum sér og grætur).

III.

(Hjá skólavörðunni í Skálholti, viku fyrir Þorláksmessu á sumar.
Stór, ferköntuð grjótvarða, sem stendur á aflíðandi klöppum takmarkar útsýnina til hægri; til vinstri klettaklif, framundan sér til fjalla og jökla [Langajökuls]. Jón biskup Geirreksson og dómkirkjuprestur hans, sem er maður á efra aldri, ganga fram og aftur í fjörugri samræðu).

Biskup:

(Stansar og lítur til fjallanna).

Hvað heldurðu' um veðrahaginn?
Heldurðu' það gangi oss í vil?
Vér ei höfum ákveðið daginn,
svo ekki má færa hann til.

Dómkirkjupresturinn:

(Gætir til veðurs).

Eg held að hann sé nú að hægja og lægja; —
hann hefir nú rignt bæði vel og lengi.
Mér virðist frá norðrinu blikum hann bægja,
það birtir til jökla, það rýkur úr engi,
og upp við himininn bláan ber
bólstra úr Geysi og Reykholtshver.

Biskup:

Og veit það á gott?

Prestur:

Það er gömul saga
að gjarnan boði það hreinviðrisdaga.

Biskup:

Það er vissulega' í það varið
að veðráttan reynist blíð,
því ýmsir ei geta farið
fyrir önnum í rigningatíð.
Og mjög einnig miklu það skiftir
að menn séu glaðir í hug;
en sólskinið sinninu lyftir
og sorgunum vísar á bug.
En glatt skal hér vera og fögnuður fagur,
og fólkið sér skemta við leiki og dans,
því alþýðudýrlingsins afmælisdagur
er uppáhaldsdagur sérhvers manns.
Svo væri það ekki það versta,
ef veizlan að glaðværðarbrag
yrði sú allra mesta,
sem enn þá er haldin í dag.
Þú hristir höfuðið, prestur.

Prestur:

Já, herra, slík fagnaðarlæti,

eru almúgans ofsakæti,
sem alla staðfestu brestur.

Biskup:

O-h bull! Nei, þá berst út um sveitir,
hve biskupinn stórlyndur er!
Hve gestunum vel hann veitir,
hve viðmót hann ljúfmannlegt ber!
Þeir hlusta á heilagar tíðir
og helgiskrín Þorláks menn sjá,
og hringingarhljómarnir blíðir
til hjarta hvers einasta ná,
og af heilagleik slíkum menn hrifast,
það hug þeirra dregur sér nær —
og við því þá heldur þeir hlífast,
sem hnekt slíku valdi fær.

Prestur:

Um áhrifin þau er eg ætið smeykur,
því aldrei þau lengi sín notið fá;
slíkt vald yfir sálum er reykult sem reykur, —
sem regnboginn hverfur það augunum frá.
Ef heyra þeir einhverja óheillafrétt,
já, eitthvað, sem þykir þeim hart eða leitt,
verður hátíðarminningin lítil og létt,
og líður þá burtu sem ekki neitt.

Biskup:

En fólk þarf að skilja og finna

að fullkomið samræmi er
í lífi leiðtoga sinna. —
Þá lýðurinn fylkir sér
að höfðingjans háa stóli
í hópum, þá skal hann þar sjá,
hve hollt er í herra síns skjóli,
og að höfðingjans rausn er ei smá.

(Harðlega).

En einnig hann á að skilja
í andbyr og lífsins þraut
hans starfsama, stóra vilja
og styrk til að ryðja sér braut.
Að aðhyllast alla hans vegi
er aldrei að búast við,
en óttist þeir herra sinn eigi,
þeir aldrei veita honum lið.

Prestur:

Það fylgi, sem byggist á eintómum ótta,
er alla tíð gjarnt til að leggja á flótta.

Biskup:

En þá er að kenna þeim, hvað það gildi,
að kasta í stríðinu sverði og skildi.

Prestur:

Þann einan aðhyllist lýður,
hvers andlit af kærleika skín,

sem breiðir út faðminn sinn blíður
og biður þá: komið til mín!

Biskup:

Í aganum kemur fram kærleikur mestur,
það kennið þér, vinur, sem annar prestur.
Þá Jehóva lýð sinn leiddi
svo langt burt af kúgarans strönd,
hann reiðinnar staf honum reiddi
og rétti' honum agandi hönd.
Hann sat þá á Sínaí-hæðum
og samdi þeim lögmálsins mál,
og þá brann þeim ótti í æðum
og ógnan greip hverja sál.
Í mola hann gullkálfinn muldi
og mældi þeim sólbrunnið skeið,
og hótun á hverjum þeim buldi,
sem hikaði, möglaði og kveið.
Svo lét hann þá líka sanna,
hve leiðslan var holl og góð,
af himni hann hníga lét manna
og af hellunni spretta upp flóð.

Prestur:

En hverjum mun henta að feta
í himnaföðurins spor?

Biskup:

Hann ætlar oss slíkt að geta:

þetta' er alt saman bending til vor.
Því ævin er stutt. Skuli afrek vinna
og ávexti starfsins í lífinu sjá,
þá ber manni einungis áfram að vinna
og aldrei að hika né krækja hjá.
Því meðal blóðugra mannabúka
og mæðra og barna í sárustu neyð
og innan um rústir, sem enn þá rjúka,
menn oft sjá hins frægasta sigurleið.
Og hér verður þjóðin hörðu að mæta,
því hér er spilling og vantraust hjá lýð,
og hér þarf illgresið upp að ræta,
sem enn þá blómgast frá heiðninnar tíð.

Prestur:

Og það með illu —?

Biskup:

Ef ekki betur
með öðru framferði skeð það getur.

Prestur·

Í skjóli kirkjunnar —?

Biskup·

Hverjum að haldi
kemur það, ef ekki hennar valdi?

Prestur:

Um framferði þitt við þá Þorvarð og Teit
hef eg þrásinnis hugsað. Nú skil eg og veit
til fulls það, sem ekki eg áður skildi — —
Og þú trúir á slíkrar aðferðar gildi?

Biskup:

Hvað? Efastu' um það?

Prestur:

Já, í meira lagi.
Ef ætlarðu lýðinn og laudið að vinna
og löggjöf og guðrækni saman tvinna,
er barátta slík ekki af bezta tagi.

Biskup:

Svo? Ekki það? Eg skal inna þér frá,
hvernig í þessum málum frá byrjun lá.
Einn vina minna, sem mér er kær,
á meyju efnaðri þokka fær.
Eg leysti' hann frá eiðnum, sem áður hann vann,
og með orðum mínum eg studdi hann,
því það mundi styrkja minn veg og minn vilja,
ef vel honum gengi — sem þú munt skilja.
En eins og þú veizt, varð því ekki náð.
Hún aftók að samþykkja þvílíkt ráð.
Hún þóttist of ættstór, og það an af fleira,
sem þess konar fólk lætur jafnan heyra.

Þá einskis virðingu orða minna
eg ekki lét mikið á skap mitt fá;
en því, að hann hefndi harma sinna
eg hindraði ekki né bægði' honum frá.
Svo heyri eg sagt þeir hafi brotið
á henni lögin — og brent niður kotið.
En hún komst undan og ei hana sakaði,
svo enginn varð skaðinn, sem tilræðið bakaði.

En svo kemur Þorvarður, þungur í sinni,
og þykist sendur af frænku sinni,
og heimtar bót fyrir hrakför og smán
og húsabrennur og eignarán.
Eg lét hann ei fara frá mér það sinn,
í fjósið mitt gamla eg stakk honum inn,
þar sat hann í hlekkjum unz lund hans var lægð,
og losnaði' ei fyrri en það hann um vægð.
Hann kemur ei aftur—það óhætt mun reynast—
svo auðmjúkur var hann, þá skildum við seinast.

Um hitt þér kunnugra ef til vill er,
hvað okkur Teiti á milli fer.

Eg fleiri dæmin veit finnast slík. —
Mönnum fer nú að skiljast að aldrei eg vík,
og óttast ei náungans boð eða bann, —
og beiti þó hörðu við engan mann.

Sko, það hlýtur kirkjunnar álit að efla,
þá yfirmenn hennar svo djarflega tefla.
Nú fækkar þeim óðum, sem ekki sig beygja
undir þau boð, sem eg hef þeim að segja.

Prestur:

En vald yðar hefði þó fastari fætur
og friðinum væri' ekki líkt því svo hætt,
ef fleiri, sem krefjast þess, fengju bætur,
og færri' hefðu svíðandi órétti mætt.

Biskup:

Mannanna dóma um rangt og rétt
er réttast að taka sér fremur létt.
Þeir breytast þá leiknum er lokið.

Prestur:

Þá sést
að líkindum, hvað hefir verið bezt.

Biskup:

(Lítur til prestsins með þykkjusvip).
Já, séu menn trúir, er sigur mér vís.

Prestur:

Ef samvizkan ekki á móti þeim rís!
(Fer til vinstri).

(Sveinar biskups og nokkrir bændur koma eftir litla stund frá vinstri).

1. biskupssveinn:

Hérna' eru menn, sem boðskapinn bera
til bændanna' í kring, ef svo á að vera.

Biskup:

(Í þungu skapi).

Sjálfsagt! Til þess er ei þörf að spara.
Við þægjum þeim eitthvað og látum þá fara.

(Gengur einsamall upp að vörðunni).

1. biskupssveinn:

(Með miklum valdsmannssvip).

Látið sjá, að þess erindis séuð þér verðir,
að sendum við yður í heiðursferðir.
Vor herra og biskup, sem himinsins náð
og heilagrar kirkjunnar æðsta ráð
og vor herra konungur hefir talið
þess hæfan, að væri' honum æfilangt falið
að stýra' hinni kristnu kirkju hér —
hann kveðju nú sendir frá guði og sér
til allra, sem vilja hans orðum sinna,
til allra þeirra, sem trúna játa,
til allra, sem með honum eiga að vinna,
og anda kirkjunnar stjórna sér láta.
og minnir þá á þessa miklu stund,
þenna minningardag, sem fer bráðum í hönd,
sem hressir svo margra hryggra lund
og hnýtir kirkjunnar félagsbönd.
Hins heilaga Þorláks mun hér verða minst
með hátíðarvegsemd og klukknahljómi,
og hverjum þeim boðið, sem fróun það finst
að fórna hjá dýrlingsins helgidómi,

til velgengni sér eða vinum og frændum,
eða vanheilsu bæta' eða syndanna gjöld. —
Og gjarnan hann vill að með gleðibrag
menn geti fært þennan hátíðisdag,
og þess vegna hefir hann boðið bændum
að búa hér um sig og reisa sér tjöld,
því fáeina daga mun viðhöfnin vara — —
Þið verðið með þvílíkan boðskap að fara
og gleyma ekki neinu, svo gjörla menn skilji,
að gleði og viðhöfn er biskupsins vilji.

(Bændurnir bera sig mjög undirgefnislega að).

1. bóndi:

Já, ég fer undir eins austur í Hreppa,
ef einhverja bykkju eg lánaða fæ.

2. bóndi:

Og eg skal niður um Skeiðin skreppa
og skila þessu á hverjum bæ.

3. bóndi:

Og eg skal um Grímsnes og Grafning fara
og gamla Brún skal eg ekki spara.

2. biskupssveinn:

En svo er eitt. Þess ber einnig að gæta,
að örva sem flesta til þess að mæta.

3. biskupssveinn:

Og annað til. Því má eigi gleyma,
að ekki má kvenfólkið sitja heima.

1. biskupssveinn:

Í guðanna bænum. Slíkt gefur að skilja
væri gagnstætt hins heilaga Þorláks vilja.

1. bóndi:

(Auðmjúkur).

Skyldi kerlingin mín mega koma hér?
Hún er kát og fjörug og hneigð fyrir gaman.

2. bóndi:

Og ég kem með allar, sem eru hjá mér.

3. bóndi:

Og eg með dæturnar, fjórar saman.

3. biskupssveinn:

Slík breytni' er í sannleika virðingarverð.

1. biskupssveinn:

Já, — verið þið sælir, og góða ferð!

(Bændurnir fara til hægri).

(Þegar bændurnir eru horfnir, taka biskupssveinarnir að hlæja, og eftirfarandi orðaskiftum fylgir kæti og gáski).

2. biskupssveinn:

Haldið það verði hátíðabragur!

3. biskupssveinn:

Eg hlakka til!

1. biskupssveinn:

Það má geta nærri!

3. biskupssveinn:

Eg segi það satt, að eg vildi að væri
í viku hverri einn Þorláksdagur.

1. biskupssveinn:

Þú værir nú bezt kominn bundinn með snæri
á básnum, þar sem við geymdum hann Teit,
því annars í sannleika varla eg veit
nema vilji það til að þig stúlkurnar æri.

3. biskupssveinn:

Ó, heyrið á endemi! Hann er víst ær!
Hann heldur að eg hafi fæðst í gær!

2. biskupssveinn:

(Bendir upp að vörðunni).

Og þar stendur herrann, með hönd undir kinn
og hugsar um framtíðar-mikilleik sinn,
með augun starandi upp móti hlíðum,
og allur á kafi í draumsjónum blíðum!

1. biskupssveinn:

(Með hæðnis-andakt).

Að veizlunni lokinni ei þarf að efa,
að ýmsum sé þörf á að fyrirgefa!

3. biskupssveinn:

O-h, mætti' ekki reyna hans reiði að lægja,
ef ræða hans köldu að okkur blési,
því hreyfi' hann við „móralnum", mundi nægja
að minna' hann á Dísu frá Bjarnanesi!

(Sveinarnir hlæja enn ákafar).

1. biskupssveinn:

Þegiðu, heimskingi! Haltu þér saman!
Ef heyrði' hann slíkt, mundi kárna gaman.

(Þeir draga niður í sér hláturinn, þegar þeir sjá biskup koma).

Biskup:

(Kemur aftur ofan frá vörðunni; hann er þungbúinn á svip og sinnir lítið því, sem sveinarnir segja).

1. biskupssveinn:

(Gefur hinum við og við augnabendingu, meðan hann talar).

Þeir hétu að fara hver sína leið
um Hreppa og Grímsnes og Flóa og Skeið,
þeir hétu sem flesta til farar að hvetja,
og fáa munu þeir þora að letja.

Og hins vegar er mér það heldur í grun
að hér verði mannkvæmt um dagana þá,
því fólkið sig hreyfa að heiman mun,
ef heyjunum getur það komist frá.
Þetta einverulíf verður öllum leitt,
þar sem aldrei til breytingar verður neitt,
og af því að vinna vikunum saman
verður fólkið á endanum þreytt
og þráir samkvæmi, gleði og gaman,
og verður af alhuga þakklátt þeim,
sem til þvílíkrar samkomu býður því heim.
Já, herra, það ágætan ávöxt mun bera
þá alþýðuhátíð með rausn að gera.
Við umgöngumst fólkið hvern einasta dag,
svo oss veitir létt að sjá og skilja
þess líferniskjör og þess hugsun og hag
og hvers konar þrá og vilja.
Að ná þess hylli þarf lítillæti
og ljúfmensku-hlutdeild í sorg þess og kæti,
en sé hún fengin, hún örugg er,
því ótrygð eg held að sé sjaldgæf hér.
Í hitt eð fyrra var heldur fátt,
en hér var í fyrra glatt og kátt,
og ljúfmenskan, sem þú sýndir þá,
um sveitirnar berst þeim dögum frá,
og nú muntu sjálfur sjá og finna
þá sælu ávexti gjörða þinna.

Slíkt framferði efann og ótraustið kyrkir
og einveldi kirkjunnar skapar og styrkir.

Biskup:

Já, vel segir þú. Og eg vona hins bezta,
eg veit, að slíkt hefir undramátt.
Eg vil í sálunum veldi mitt festa
og vinna þær til mín á einhvern hátt.
Eg margt hef að hugsa og margt að gera,
eg má til að sinna svo fjölbreyttum störfum;
þið verðið mín hægri hönd að vera
og hyggja sem bezt að hvers einstaklings þörfum
og gleðja og hressa hvern og einn.

1. biskupssveinn:

(Hneigir sig djúpt).

Af hendi það verk verður trúlega leyst.

Biskup:

(Hátt, en þó við sjálfan sig, um leið og sveinarnir fara).
Því á endanum verður það ekki neinn,
nema einungis þið, sem eg get treyst.

(Sveinarnir fara hægra megin).

Biskup:

(Við sjálfan sig).

Hann efast, hann hikar, — já, einnig hann!
Hvað á eg að gera við slíkan mann?
Sá ágætismaður, minn eiginn prestur,

er óvina minna jafnvel verstur.
Hvað stoðaði það, þótt eg hnepti' hann í þelsi,
í hlekkjunum svifti hann önd mína frelsi;
sem vængbrotinn örn hún ávalt hnígur
við orð hans, þá jafnvel hún djarfast flýgur.

(Horfir til fjallanna).

En hvað hún er lík eins og leiðin mín
í lífinu, þessi fjallasýn.
Hér næst milli ásanna hvítu hryggja,
sem hefjast í fátækragervum sínum,
í mýrasundunum leirkeldur liggja
sem leynisnörur á vegi mínum.
Á bak við sjást fellin með bláum eggjum,
sem brúnin á ættgöfgum, stórlyndum seggjum,
sem hafa aldrei beygt höfuð né anda,
og hindra minn framgang, á meðan þeir standa.
En fjærst og hæst sé eg heiðursstólinn —
á heiðan jökulinn blikar þar sólin.

(Gengur fram og aftur).

Hvað steig eg hér á? Það var örlítið blóm,
sem upp milli steinanna teygði sín blöð,
svo viðkvæm og blíð, en svo vonarglöð,
en hefir nú þolað sinn hinzta dóm.
Já, öllum þeim blómum, sem verða' á manns vegi,
er vitaskuld að hann hlíft getur eigi.
En blíðið þið vongóð, blómin mín smá,
því betri daga þið skuluð sjá,
þá eg hefi náð minnar auðnu stóli

og ykkur eg græði í mínu skjóli.

(Aftur hugsandi).

Og Þórdís — já, hún var sem hann, þessi prestur,
á hennar trausti var líka brestur.
Hún vildi mér fylgja í aðra átt
en eg vildi fara, á sama hátt
sem hann, með kenning um kærleik og frið,
sem kemur málinu ekkert við,
og kemur mér ekki' að minsta haldi
á móti svo illvígu höfðingjavaldi.

(Þegir um stund; rekur síðan upp kuldahlátur).

Slík flónska! — Eg framvegis vara
mig fagra kyninu á —!
Það var lán að eg lét hana fara,
hún leiddi mig bara' út á gljá.
Að hugsa sér háðsyrðin sveima
svo helköld um hverja sál:
Sko, biskupinn hýrist heima
og hjalar þar ástamál.
Hann, sem vill landi og lýði
lyfta með kröftugum armi —!
Hvað honum mun hjálpa' í því stríði
að hallast að konubarmi!

(Hlátur og hávaði úti fyrir, sem færist nær).

Þar heyri eg sveinanna hlátur —
þeir hlæja og skemta sér dátt; —
og eg væri einnig kátur,
ef alveg á sama hátt

hver einasti á mig treysti
og á mitt framtíðarmál,
hver einasti efaneisti
væri' eyddur úr hverri sál,
og eins og þeir sérhver ætti
undir mér lífs síns kjör —
sá mundi af öllum mætti
í mannraunum greiða mér för.
Þeir vita að velgengni sinni
mitt vald muni opna skeið,
þeir vaka' yfir velferð minni
og vaka' yfir sinni um leið.
Og ráð þeirra hollust mér reynast,
þeir ráða af einlægum hug;
eg óttast, hjá sumum seinast
eg sjái' ekki fylgi né dug.

Biskupssveinar

(koma inn frá hægri með hlátri og hávaða, og tosa á milli sín Jórunni spákonu, gamalli og hrumri förukerlingu, illa búinni, með beiningapoka og hækjur; þeir erta hana og eru búnir að gera henni ilt í skapi).

1. biskupssveinn:

Nú, gamla synd! Það er sagt þú spáir!

2. biskupssveinn:

Það er sagt að fjandinn sé við þig smeykur.

3. biskupssveinn:

Og óorðna hluti er sagt að þú sjáir.
Er það satt?

Biskup:

Slíkt er hjátrú og orðareykur.

Jórunn spákona:

(Ber um sig).

Sleppið mér, fífl!

2. biskupssveinn:

Nei, fyrst áttu' að spá.

1. biskupssveinn:

Einn fallegan spádóm.

3. biskupssveinn:

Já, láttu nú sjá!

Jórunn:

Burt! Eg verð hamslaus! Eg ber ykkur, flón, þótt brjóti eg stafinn.

(Gengur að biskupi og horfir á hann með hönd yfir augunum).

Er þetta hann Jón?

1. biskupssveinn:

Já, þetta er herrann.

Jórunn:

Hvað? Herrann! Svei!

(Bendir upp í himininn).

Herrann er þarna. Þið kennið hann ei.
Þið spottið hann, er þið hæðið mig.

3. biskupssveinn:

Nei, heyrðu nú, góða, við elskum þig.

2. biskupssveinn;

(Þrífur í beiningapokann).

Eru þetta alt spádómar?

Jórunn:

Sleptu, sláni!
því slíkar aðfarir spá ekki láni.

(Við biskup).

Hví vítirðu ei þessa heimsku-héra,
sem hæða mig?

(Ber með hækjunni).

Slæpingar, látið mig vera!

1. biskupssveinn:

Einn spádóm fyrst fyrir mér!

2. biskupssveinn;

Fyrir mér!

3. biskupssveinn:

Fyrir mér! Eg í staðinn skal hossa þér
sem ungbarni.

(Tekur hana í fang sér).

Jórunn:

Sleptu mér!

Allir sveinarnir:

Eina spá!

Jórunn:

Þið allir skuluð þá sömu fá.
Yzt í túninu, alllangt frá bænum,
í útnorður, þar á bletti grænum
mun hrúgað upp dys yfir ykkur alla
sem ógilda hunda!

(Sveinarnir hlæja dátt).

1. biskupssveinn:

Slíkt spádóm eg kalla!
Og meira?

2. biskupssveinn:

(Hvíslar).
Um biskupinn.

Jórunn:

Bera hann mun
þann búning, sem er ykkur sízt í grun.

Biskup:
(Byrstur).
Burt með þig, ókind!

Jórunn:
Þeir báðu um spá.
Þú bannaðir þeim ei að hrjá mig og smá.
Þú bliknar víst ekki, þótt eigirðu' að heyra
það allra síðasta.

1. biskupssveinn:
Komdu með meira.

Biskup:
Hvað átturðu við?

Jórunn:
(Biturt).
Eg vil ekki spá —
En vara þig á henni Brúará!
Hún glottir sem feigsvök með freyði og skvetti,
þar sem fellur hún niður hjá Ullarkletti.
(Hún staulast burtu til hægri og sendir biskupi og sveinum hans háðslegt glott).

Sveinarnir
hlægja og siga á eftir henni.

Biskup
stendur sem steini lostinn.

(Hjá Teiti í Bjarnanesi. Stofan frá fyrsta þætti).

Þórdís:

(Situr inni og spinnur á snældu).

Já, yfirborðsins fegurð er iðulega tál,
það oft er gagnslaus gylling, sem glepur þína sál.
Svo oft í æsku þráði ég æfintýri að sjá
sem væru ólík öðru, sem augun fyrir brá.
Og sýn, sem var ókend, fyrir augum eg sá,
og aftur endurvaktist mín æfintýraþrá.
Eg elti fjallið fagra af roðans rúnum skreytt,
eg náði því, en fann þar af fegurð ekki neitt.
Eg elti skýið rauða, sem sveif um loftið létt,
en ei það reyndist annað en þoka köld og þétt.
Eg elti örninn djarfa, unz eg komst honum nær,
þá sá eg hann var hræfugl, sem hafði nef og klær.
Svo vaknaði eg af undrum og órum mínum vilt,
og fann þá loks að leið mín og líf mitt alt var spilt.
Já, yfirborðsins fegurð er iðulega tál,
og að eins gagnslaus gylling, sem glepur þína sál.
Það athvarf, sem ég átti, í rofnum rústum er,
minn æsku unaðsheimur er eyðisandur ber.
Mín lífsskeið, létta, fagra, nú liðið hefir strand,
og sjálf er eg á skeri og sé nú hvergi land.

En eins og aftanroði mín yndis-draumsjón
þver,
og kalda hæðniskveðju hún sýnist senda mér.
Eg lít hana' út við hafsrönd sem logagyltan
dúk,
en hug minn á hún hálfan, því sál mín enn
er sjúk.

(Hún hættir að spinna og situr um stund hljóð og hugsandi).

Teitur og Þorvarður koma inn; þeir heilsa upp á Þórdísi; hún tekur kveðjum þeirra kuldalega og fer þegar út.

Þorvarður:

Þá er nú hér komið. Hvað er að frétta?

Teitur:

(Þungbúinn).

O, harla lítið. En segðu af létta
af ferðum þínum.

Þorvarður:

Það síðar eg segi,
þá saman við ríðum um heiðarvegi. —
Ég kem hingað einn, því að uppi til fjalla,
þar sem einna tryggast mér sýndist vera,
eg lét verða eftir liðsmenn alla,
svo lítið á för minni skyldi bera.
En hvað líður þér?

Teitur:

Eg hef fremur fáa,
en fyrirtaks menn bæði djarfa og knáa,
sem eru' ekki smeykir þá för að fara.

Þorvarður:

Sú frétt er mér kærkomin. Heyrðu, vinur,
nú verður — nú verður að skríða til skara!
Við skiljum ei, hvað sem yfir dynur.
Við vígðumst saman í svona för,
þá sátum við báðir við lítil kjör
og kreptir í hlekkjum í kjallara svölum,
en kætina heyrðum frá biskupsins sölum.
Eg sótti hrakmennið heim með friði,
sem höfðingja þann, er mætti treysta,
eg hafði' ekki með nema lítið af liði,
mig langaði að eins um sættir að freista
fyrir níðingsverk það, er þú munt nú kenna.
Við þrefuðum lengi um málið í næði
og án þess að hvorugur yrtist í bræði —
unz stóð ég upp og þau orð fram bar,
sem áttu að verða mín síðustu þar:
að enginn skyldi að ósekju brenna
ættingja minna hús og bæi;
og aldrei sú skömm á mér lengi lægi,
að hann skyldi ekki á hefndum kenna.
Þá gerði' hann að nýju níðingsverk
og neytti þess þá, hversu sveit hans var sterk,

og brást mínu trausti og braut á mér grið
og batt mig í dýflissu', en sendi mitt lið
með háðkveðju norður. Eg hroll finn þjóta
um hrygginn, þá minnist hve sárt eg þar leið;
þar ætluðu dagarnir aldrei að þrjóta
og ætíð eg komandi morgni kveið.
En svo komst þú til að stytta mér stundir,
við stundum þar sams konar þjáningum undir.

Teitur:

Já, tölum sem fæst um þá dimmu daga;
sú dýflissuvist er mér minnisstæð saga.
En svo varstu leystur.

Þorvarður:

Eg laug mér út náð.
Til lausnar mér sá eg ei önnur ráð.
Eg lofaði öllu, sem upp hann bar,
hve andstætt sem það mínu skapi var.
Eg treysti því örugt, að himnanna her
þau heitorð til syndar ei reikni mér.
Þér syndist minkun hið sama að gera
og svo varst þú látinn eftir vera.
Til liðveizlu nyrðra voru lítil tök,
því langt er að norðan til Skálholts að fara.
á biskupi eiga þar engir sök
og ófriðinn vilja menn fremur spara.
Og þess vegna létti sem þunga af mér,
er Þorlákur kom með boðin þér.

Teitur:

Já, sök mín er lítil, það sé eg nú,
í samanburði við slíka, er þú
á illmenni þessu átt að hefna.
Þar er ekki brennur né rán að nefna.
Menn dæma svo flestir, að upptökin öll
liggi' að eins hjá mér fyrir veizluspjöll.
En hitt skilur enginn, hvað undir liggur.
Eg oftast er dulur og tala fátt;
þótt sé eg á brúninni bitur og hryggur,
þá ber eg að jafnaði ennið hátt.
Nú höfum við bundið vort bræðralag
og bezt er þú vitir þá strax í dag. — —
Mitt heimili' er brunnið af biskups völdum — —

Þorvarður:

Hvað? Brunnið —!

Teitur:

Eg stend hér á rústum köldum.

Þorvarður:

Hvað meinarðu?

Teitur:

Brennu.

Þorvarður:

Eg enn skil þig ei.
Gerði' hann atför að bænum með vopnum?

Teitur:

Nei.
Með eitri. Með höggormsins illsku og slægð.

Þorvarður:

Hvað áttu við?

Teitur:

Því er biturt að leyna,
en þyngra að segja það. Samt skal eg reyna,
því kannske það verði mér hugarhægð.
Mitt dýrasta hnoss, mitt hjartans yndi,
mín heimilisprýði, mitt framtíðarlán,
er, frá því hann kom hér, í veðri og vindi. —
Hvað virðist þér, góði, um þvílíkt rán?
Þórdís er önnur en áður hún var.

Þorvarður:

(Sprettur upp).

Þú alvísi guð!

Teitur:

Hér er umbreyting skeð.
svo engrar skýringar þarf eg með.
Fyrst veikan grun eg í brjóstinu bar,
sem gerði mig óþýðan, óró mig fylti
þá óheillastund þegar vinið mér spilti.

Þorvarður:

Hún Þórdís — af öllum landsins lýði

lofuð svo mjög fyrir dygð og prýði —
gat hún látið flekast?

Teitur:

Það undarlegt er,
en ef til vill liggur sökin hjá mér
að nokkru. Ég enginn er ástamaður
og aldrei hjá kvenfólki blíður né glaður.
Mín sorg og mín gleði í sjálfum mér leynast,
mér sífelt er gjarnt mínu eðli að skýla.
Eg vil ekki sýnast, eg vil heldur reynast
þeim vonum traustur, sem á mér hvíla.
Hvað átti' eg að gera við ungling slíkan,
svo æskuglaðan og kærleiksríkan?
Hún skildi mig aldrei. Ég alt af sá
það áhyggjusky, er á sál hennar lá.
Hún þráði annað — og þá kom hann,
hún þráð hefir ef til vill svoleiðis mann,
með liðskost fríðan, með litklæði flakandi,
mót lotningarkveðjunum alstaðar takandi.
Það blindaði hennar barnslegu sál
slíkt bannsett tildur og hégómaprjál.
Og biskup sá fljótt hér var bráð handa sér. —
Með blíðum orðum og fagurgala,
þá svo ber undir, hann einnig kann tala,
sem vanalegt oftast um varmenni er.
Þá sáttin var úti og sverð mitt eg reiddi,
hún sjálf hljóp á milli og laginu eyddi.

Þorvarður:

En að þú skyldir standast þá ofraun alla
og ekki sverðshöggið láta falla!

Teitur:

Hún bað mig með orðum og augum sínum.
og efann það vakti í barmi mínum;
þann efann, er sárast af öllu mig kvaldi,
þá undir biskupsins þekju ég dvaldi.
En svo kom ég aftur — og eftir því sá
að eg hafði strokið því varðhaldi frá,
þá horfið var það, sem eg þráði mest. —
Já, Þórdís var farin, en hvert, vissi engi.
Hún hafði ekki þar heima sézt
né heyrzt af för hennar býsna lengi.
Og upp frá því sjaldan eg veit hennar vegi,
eg veit hún er oftast að heiman — en hvar?
Um ferðir hennar eg frétti eigi,
eg fengi að líkindum ekkert svar.
En sé hún heima, hún hljóðlega fer
um húsin og sneiðir hjá fundi mínum,
ég veit að ég henni til ama er,
svo ei hana vek eg af draumum sínum.
(Með ákefð).
En nú skal hún vakna — þá vopnagnýr
og vígafrétt yfir landið fer.
Þá sér hún, hvort dugur í bóndanum býr
og hve biskups-hégóminn staðgóður er!

Þorlákur:

(Kemur inn. Við Teit).

Nú hermenn þínir í hlaðið ríða. —
Eg held þeim í fjöllunum leiðist að bíða.

Teitur:

(Bendir út um gluggann).

Þótt séu þeir vaðmáls-kuflum klæddir
og kotungasynir, það eitt eg veit,
að ekki af leið sinni hopa þeir hræddir,
þótt hitti þeir biskupsins litklæddu sveit.

Þorvarður:

Já, það getur verið að víkingablóð
hér verði í sveitunum fundið enn,
en hnignað er enni íslenzku þjóð,
því annars hefðu' ekki þessir menn
í Skálholti haldizt með heiðri og gengi
og hælzt um sinn yfirgang svona lengi.

Þorlákur:

Nú sjáum við ef til vill Íranna dug,
þegar að þeim er snúið í vígahug.

Þorvarður:

Já, Þorlákur er okkur þarfur gestur,
því það er maður, sem ráðin ei brestur.

Teitur:

Já, hann ætti' að láta' okkur heyra sín ráð,
því hann er kunnugur.

Þorlákur:

Svo skal vera,
þótt samþykki ef til vill ei geti náð
sú uppástunga, sem ég vil gera.

Þorvarður:

Jú, ef okkur virðist hún holl og í hag.

Þorlákur:

Við heimsækjum biskup á Þorláksdag.

Teitur:

Nei, þá er þar fjölmenni fyrir. Sízt
sú fyrirætlun mér heppileg lízt.

Þorlákur:

Jú, einmitt þess vegna, af því eg veit um
að ei berast fréttir úr nálægum sveitum
af ferðum vorum, því fátt mun þar heima
á flestum bæjum, því oftast menn streyma
þá heim til Skálholts að skemta sér,
og skjaldgæft það ekki heldur er,
þótt sjáist á veginum fjölmenn för.
Og gestanna hópur til heilla mun reynast,
því hægt er að láta þar njósnarmenn leynast,

svo biskupsveit þeirra verði' ekki vör.
Og það mun sannast, að þessi flokkur,
sem þýtur saman að skemta sér,
ei mikið viðnám mun veita okkur,
þá veit hann að hætta á ferðum er.
Þótt biskupsins mjöð þyki mörgum góð,
þeim mun finnast dýrara líf sitt og blóð.

Þorvarður:

En hvar verður farið?

Þorlákur:

Um Fjallabaksveg.
Það er fyrirtaksvegur, hann rata ég.
Svo stönzum við undir Vörðufellshlíðum,
þar er víðsýni ágætt og hagi um leið;
hjá Þengilseyri við ána ríðum. —
Hún er þar á sund, þar er hvergi vað,
en holt er að fá sér þar brjóstabað. —
Svo beint heim til staðarins hleypum við skeið.

Þorvarður:

Þitt ráð er ágætt. Við ræðum það betur.
Nú ríðum á stað, hver sem betur getur.

(Þorvarður og Þorlákur fara).

Teitur:

(Tekur vopn sín og reynir eggina).

Þórdís:

(Kemur inn).

Teitur, þú fátt hefir mælt við mig,
nú má ég þó til með að ávarpa þig.

Teitur:

(Önugur).

Hvað viltu?

Þórdís:

(Blíðlega).

Bjóða þér barminn, þar
sem bezta hvíldin þín eitt sinn var,
og biðja, að þessa þú farir ei ferð.

Teitur:

Hvaða ferð?

Þórdís:

Sem nú er að ráði gerð.
Þú heldur að ekki ég hafi séð,
hvað hefir á þessum dögum skeð,
þótt tækirðu' af liðsmönnum trúnaðareiða,
þér tókst ekki sjón mína' að afvega leiða.
Nú reynir þú vopn þín. Eg veit hvert skal halda.
eg veit nú á biskupinn sakar að gjalda.
Til fjalla Þorvarður liðinu leynir,
svo líti svo út sem þið farið einir. —
En hafirðu eitt sinn elskað mig,

við ástina þá ég særi þig,
ó farðu' ekki, vinur minn, vertu hér kyr,
þá verður hér hamingja nú eins og fyr.

Teitur:

(Háðslega).

Þú hrædd ert um „ljósið þitt", heillin mín góð!

Þórdís:

Eg hrædd er um þig fyrir stáli og glóð,
því ekki hefir þú að því gáð,
hver eftirköst hafi þvílík ráð.
Hverjum einasta manni, sem með ykkur fer,
í mikil vandræði stofnað er,
því kirkjunnar bölvun og konungsins sverð
munu koma fram hefnd fyrir slíka ferð.

Teitur:

(Með kuldahlátri).

Þú ætlar mig ragan!

Þórdís:

(Færir sig nær honum, með blíðu).

Eg ætla þér bara
með ofurlítilli gætni að fara.

Teitur:

Þér þóknast að frétta um ferðir mínar.
Þá fæ eg víst eitthvað að vita um þínar.

Hvert fórstu í vetur? Nú fá vil eg svar!

Þórdís:

(Hikandi).

Eg fór milli kunningja hér og þar,
því heima ég aldrei fann yndi né frið
frá þeim óheilladegi, þá skildum við.

Teitur:

(Byrstur).

Þú leynir því sanna. — Þú lýgur. Eg veit
að lagðirðu för þína vestur um sveit.
Menn spurðu um för þína, en fengu ekki svar,
þú fórst þar sem umferðin sjaldgæfust er,
og áfram að halda þér hugleikið var. —
Þú heimsóttir biskupinn? Svaraðu mér!

(Biturt).

Ef skyldum við hittast, eg heilsa frá þér,
því honum víst velkomin kveðjan er.

(Sýnir henni nakið sverðið, um leið og hann fer).

Þórdís:

(Stendur eitt augnablik sem steini lostin; kallar síðan á eftir honum).

Það er óþarfi, Teitur! Það ei skaltu gera.
Þú aldrei fær vopn þín á hann að bera,
meðan eg er á lífi, ég ávalt skal standa
fyrir eggjum þínum, — þær mér skulu granda.
Þið riðið um fjöll, en eg fer um sveitir;

eg fyr kemst til staðarins mína leið;
að ríða' yfir árnar mér auðvelt veitir
og alstaðar verður mér förin greið.
Eg flýg svo hart sem mig fákurinn ber. —
H a n n frétta skal, hvað á seyði er.

(Tekur að búa sig til ferðar).

IV.

(Dómkirkjan í Skálholti. Háaltari fyrir miðju í aftursýn; Þorláksaltari og Maríualtari sitt hvoru megin, með myndum og skríni Þorláks helga. Fyrir framan háaltarið er upphækkun, en engar grindur í kring. Gluggar tveir í aftursýn. Inngangur hægra megin. Kórinn er prýddur helgra manna myndum o. fl. að katólskum sið. Skriftastóll í framsýn vinstra megin. Þórdís krýpur í skriftastólnum. Presturinn stendur inni á upphækkuninni og talar í kennimannsrómi).

Presturinn:

Þá komið var með konu til hans þar,
sem kunn að hreinleiks broti orðin var
og átti' að grýta eftir fólksins lögum,
sem erfði það frá Móisesar dögum,
þeir spurðu hann, sem hjartans glæðir yl,
hvers hefði þessi kona unnið til.
Hann leit ei upp, en hugsaði' svarið hljóður.
Á hópinn allan djúpri kyrð þá sló,
sem stóð og beið þess býsna þolinmóður,
hvað boðaði skýið, er um svip hans dró.
Þeir lærðu glottu. Glögt þeir þóttust sjá,
að greitt ei væri honum nú um svar.

Hin seka horfði dómarann dýra á,
af djúpri sorg hún föl og lotin var.
En von í grátnum augum enn þá skein.
Eitt orð frá honum bætt gat hennar mein.
Loks mælti hann: „Hún dæmd til dauða er,
því drottins lögmál ætíð heiðra ber.
En sá, er veit sig vera' af syndum hreinan,
hann varpi' á hana fyrstur steini". — Þá
menn Herrann bráðum eftir sáu einan,
því allir, sem þar stóðu, hörfuðu frá,
sem hefðu þeir séð loga drottins lund. —
En konan seka kraup við Jesú fætur
og klæði hans með tárum sínum vætti;
hann þýður leit á þetta fallna sprund
og þakkarvotum augum hennar mætti.
„Far héðan", mælti' hann blítt, „og gefðu gætur
að guðs þíns boðum. Syndga ekki framar".

Oss ber ekki' að dæma. Með bróðurhönd
vér bjarga eigum að lífsins strönd
þeim er skipbrot líða, því kærleikans kenning
er kraftur hins hæsta í þjóðanna menning.
Og hann, sem bauð mér sinn boðskap að flytja
til blessunar þessari fámennu hjörð,
með huggun og bænheyrslu virðist að vitja
þess volaða' og fallna á þessari jörð.
Þín játning er heyrð. Og að himinsins vilja
eg hönd mína rétti þér. Stattu á fætur.

(Reisir hana á fætur.)

Því hann mun þér ei sína ásýnd dylja,
sem allar syndirnar gleymdar lætur.
Hinn heilagi Þorlákur bæn þína beri
til bænheyrslu fram fyrir himinsins náð,
hann með þínum inngangi' og útgangi veri
og ætið hann styrki þinn vilja og ráð.
Við altari hans þegar úti' eru tíðir.
þú á hin síðustu skriftamál hlýðir.

Þórdís:

(Eftir litla þögn.)

Eg hefi frá einu enn að greina,
því yður eg má ekki neinu leyna.
og nú er mér augljóst það eruð þér,
sem öllum framar það segja ber,
því einmitt þér getið öllum fremur
með alvöru mætt því, sem fyrir kemur. —
Yfir biskupssetrinu vofir voði. — —
Eg er viðsjálla tíðinda skyndiboði.

Prestur:

Sú frétt kemur aldrei að óvörum mér,
því óvinir leynast til hverrar handar,
og óbæn og hótanir blærinn ber
til biskupsins, hvaðan sem helzt hann andar.

Þórdís:

Þér munið þá tvo, sem hér voru í vetur

í varðhaldi ströngu, þá Þorvarð og Teit.
Nú stefna þeir hingað með hervædda sveit.

Prestur:

Eg skil, að þá hugur til hefnda hvetur.

Þórdís:

Eg gat ekki afstýrt því óheillaráði.
En að þeim förnum eg hesti náði
og reið yfir sanda og sefgræna haga
og svellandi ár bæði nætur og daga.
Eg hef unnið það tvent: að vara hér við,
og veita sál minni ró og frið.

Prestur:

(Hugsar sig um.)

Sú frétt er ei vert að fari hátt,
því fólkið er glatt og skemtir sér dátt.
En eg skal við biskup í einrúmi tala.
Um eina stund byrja heilagar tíðir.
Þeir fara þó varla á fjandskap að ala,
meðan fólk er í kirkju og messu hlýðir.

Þórdís:

(Alt af óróleg.)

Þekkið þér alla, sem eru hér nú?

Prestur:

Nei, ekki helminginn, það veit mín trú!

Þórdís:

Eg áðan hér menn fyrir utan leit,
sem eg þóttist kenna úr minni sveit.

Prestur:

Þá hafa þeir njósnara' í hópnum.

Þórdís:

Já,
og höfuðsveitin mun skamt héðan frá.

Prestur:

Vér treystum á Herrans hjálp og mildi,
hann halda mun yfir oss verndarskildi.
Vér erum á milli hans almættishanda,
og, án þess hann vilji, ei má oss neitt granda.

Þórdís:

(Áköf.)

Eg bið yður, pater, ef auðið er,
þá afstýrið því að þeir berjist hér!
Eg titra af kvíða.

Prestur:

(Bendir upp.)

Lyft huga til hans,
sem hefir ráð yfir forlögum manns.

Þórdís:

(Krýpur við Þorláksaltarið).

Eg heiti á Þorláks hins helga skrín,
það hafa skal silfur mitt stórt og smátt,
ef uppfyllist heitasta óskin mín
og á verður komið friði og sátt.

(Presturinn gefur henni bendingu. Hún stendur upp og fer út. Hávaði hefir við og við heyrzt fyrir utan).

Prestur:

(Hugsandi og þungbúinn.)

Nú treður dansinn á látinna leiðum
hin léttúðga þjóð, —
en rauður sem glóð
hvelfir himininn hjálmi breiðum
yfir Heklu brún,
yfir bæjanna tún,
yfir blindaðan lýð
eins og bjarmi af reiðinnar tíð.
Og Hvítá rennur fram rauð eins og blóð.

Mér ógnar, Hekla, þinn eldrauði feldur.
Hvað er það, sem brunanum veldur?
Hví bresta björg þín í sundur?
Hví beljar fram glóandi flóð?
Hví verða öll þessi undur?
Hvort á það að vara þjóð?
Eða brennur þar himinsins hreinsunareldur?

Þinn reykur er svartur — já satt er það —
en svartari er flókinn, sem ógnar þessum stað.
Og heitari' er glóðin, sem geng eg á hér
en glóðirnar björtu, sem renna' út frá þér.

(Stansar og hugsar).

Hve hátt rísa bylgjur heimsins glaums!
Nú er hættuleg öld yfir þessu landi.
Menn dragast með falli hins stríða straums
og stöðvast ei fyr en þeim verður að grandi.
Ó Þorlákur — þú, sem alt gott vildir gera
og guðs þíns og dygðanna merki bera
og snúa til alvöru öllum lýð,
nú er enduð þín blessunarríka tíð.
Menn koma' ekki hér til að heiðra þitt minni
og hugga og styrkja sitt angraða sinni,
nei, það eru leikar og galsi og gaman,
sem gálausri alþýðu stefnir hér saman.
En bið þú samt fyrir blinduðum lýð —
og bið þeim náðar, sem brotunum valda,
lát biskupsins synda engan gjalda
og gef honum enn þá til afturhvarfs tíð.
Og afstýr þeim voða, sem er hér á ferðum,
svo ekki menn kveðjist með blóðugum sverðum.

Biskup:

(Kemur inn).

Þú dvelur hér einn. Það er afarleitt,
hve alt af þú hefir hjá gestunum sneitt.

Prestur:

(Þungbúinn sem áður).

Þeir koma bráðum Eg bíð þeirra hér,
í bænahúsinu starfsvið mitt er.

Biskup:

(Í léttu skapi).

Þú hefir hér lengi aldur þinn alið,
með allmörgum biskupum hefir þú dvalið,
en manstu' eftir fleira fólki hér
en fjöldanum þeim, sem nú kominn er
hingað á þessari Þorláksmessu?

Prestur:

(Hristir höfuðið.)

Nei, það man eg aldrei.

Biskup:

Ég trúi þessu.
Margt var í fyrra en fleira er nú.
Það er fast að því mannlaust hvert einasta bú
í öllum sveitunum alt um kring.
Það er eins og lýðnum sé stefnt á þing.
Þeir kunna' ekki lagið á lýðnum, sem hér
hafa lifað og starfað á undan mér.
Því til þess að afla sér alþýðuhylli,
þarf ásamt valdinu lagni og snilli.

Prestur:

O, vesalings maður!

Biskup:

Þér virðist enn
sem vitni það beri um óvildar-þel
að hingað að staðnum streymi menn.

Prestur:

Hvað straumnum þeim veldur, eg þekki vel.
Því óvild og velvild þar vega jafnt,
í veizlusollinn menn að eins streyma.
En ef til vill sitja sumir heima,
sem eitthvað er til þín í geði gramt.

Biskup:

Já, bara' að þeir kæmu, sem halda sig heima.
Þeim hlyti að verða það auðvelt að sjá,
þá hópar af reiðmönnum hingað streyma,
er hér ekki vænlegt að ráða á.

Prestur:

Og ef að nú hér bæri' að höndum stríð,
og hermannasveit réði staðinn á,
þá fengirðu, kannske til fullnustu, að sjá,
hvert fylgi þú hefðir hjá slíkum lýð.
Þeir eru vinir í glaum og gengi
og gleðja' um leið bæði aðra og sig,

en varla mundu þeir vera lengi
til varnar gegn spjótum, sem stefndu á þig.
Nei, það væri betur, ef fyndist þér fátt
um fylgi, sem birtist á þennan hátt.

Biskup:

Að vísu um fólk þetta fátt eg veit,
en fráleitt því trúi' eg um slíka sveit
að enga trúa ég eigi þar vini,
sem efla mundu mitt ráð og minn vilja,
að að eins þeir komi af yfirskini
og óvildarhug sinn þeir séu að dylja.
Nú, prestur minn góður! Sem öflug alda
um æðar þjóðlífsins hvarvetna fer,
menn finna, að saman er holt að halda
og hversu sundrungin skaðleg er.
Menn sjá í kirkjunni einmitt það eina,
sem öllum kröftunum safnað fær,
menn sjá hún er himnesk, og gjörla menn greina
það góða, sem hjá henni þroska nær.
Það er erfitt að spyrna mót broddum beittum
og bjóða gegn valdinu þrjózku og stríð.
Slíkt ber ekki ávöxt. Ég efast ei neitt um
að upp renni bráðum sú heillatíð,
að kirkjan ein hafi öll þau ráð,
sem eru nú milli fjöldans stráð.
Hér getur þjóðina aldrei agað
hin útlenda hönd, né bætt eða lagað

það, sem enn þarf bóta og báglega fer,
þar sem beljandi hafið á milli er.
Slíkt bótaverk mundi betur reynast,
ef biskups- og hirðstjóra-vald mætti einast
í eins manns höndum.

Prestur:

Nú ofbýður mér!
Slíkt einræðisvald getur hugkvæmzt þér
að hér mundi blessast!

Biskup:

Nú, því ekki það?

Prestur:

Nei, þess konar vald á sér hvergi stað.

Biskup:

(Brosandi.)

Ég sé, að þú ert ekki sérlega fróður
í sögu mannkynsins, prestur minn góður!
Þú sýnist ei vita, hvað algengt það er,
að einnig þeir stýri ríkjum og löndum,
sem kirkjunnar yfirráð hafa með höndum —
já, liggi í deilum og leiði her.
Og hann, sem af skaparans himnesku náð
er heilagrar kirkjunnar æðsta ráð
og situr á postulans Péturs stóli —
hann, páfinn í Róm, hann er jafnframt sjóli,

og annast með röggsemi ríkisins hag. —
Slíkt reynzt hefir vel fram á þennan dag.
Öll sundrung er bölvun. Í litlu landi
þarf lýðnum að stýra hinn sami andi,
svo andleg og veraldleg valdaboð
þar veiti hvort öðru hjálp og stoð,
og jafnan sem systkini haldist í hendur.
Þetta' er hreinasta kák, eins og núna stendur.
Tveir biskupar á svona litlu landi,
— það lítið er einum — svo hvorugur neitt
getur áhrifum sínum við almúgann beitt,
og löggjöf og hlýðni í lakasta standi.
Öll þjóðin er á þessu litla landi
jafnlítið á guðs sem á konungsins bandi.

Prestur:
(Bitur).

Þitt erindi til vor er þá það
oss alla til guðs og til konungs að leiða. —
Og viljum vér ekki, þá á oss að neyða. —

Biskup:

Í heiminum á sér slíkt alstaðar stað.
Því valdi, sem kirkjunni' er voði, á
með vondu eða góðu að ryðja frá,
og reisa svo aftur á rústum nýtt,
sem rótgróið verði í hverri sál,
þar sem lúta menn skipunum, lögum er hlýtt,

og leggja menn þrjózkunnar hlífar og stál
í sannri auðmýkt á brennandi bál.
Þetta þing, sem þeir halda við Öxará,
það ætti sem bráðast að leggja niður,
því kristinna manna það sízt er siður
að safnast sem hrafnar við hamragjá.
Og þar er það einmitt — og því er miður —
að þvermóðska' og heimska til sætis sér ryður.

Prestur
(verður ókyr og enn þá þungbrýnni).

Biskup:
Á ráðstefnu ætti þá eina að boða,
sem alls hugar ríkið og kirkjuna stoða.

Prestur:
Svo slíkt er þín hugsjón.

Biskup:
(Ákaft og fjörugt),
Og hún er gædd
háleik og afli, til sigurs fædd.
Hati þeir mig. — En þeir munu þó sjá,
hver mikilleikur til grundvallar lá
í atgjörðum mínum.

Prestur:
(stendur fyrst um stund og horfir fast á biskupinn,

eins og hann næst um því langi til að ráða á hann, talar síðan hægt og þungt og með óbifanlegum strangleik).

Hjá altari þessu
þú ætlar í dag að syngja messu
yfir Þorláks hins heilaga hrörnuðu beinum,
með hjartað þrungið af lygum einum.

Biskup:

(Undrandi).

Hvað segirðu? Lygum — !

Prestur:

(Enn strangari).

Þú lýgur að mér,
en líka, því miður, að sjálfum þér.
Þú heyra skalt sannleikann, herra minn,
því hér er eg skriftafaðir þinn.
Sú hugsjón, sem þér svona orðadrjúg er,
hefir aldrei sprottið í brjósti þér.
Hún er ekki himinsins helga bending,
nein háleit köllun, nein andans sending.
Þinn erindisfáni er ekki hreinn. —
Þú ert hér sem konungsins skutulsveinn.

Biskup:

(Órólegur, gerir sig líklegan til að mótmæla).

Prestur:

Nei, reyndu' ekki að neita, því alt hér inni

ber óhikað vitni með samvizku þinni.

(Bendir á tréskurðarmynd).

Hvort blikuarðu ei yfir sekt þinni' og synd,
er sérðu framan í þessa mynd.
Eg þekki fortíðar-feril þinn,
því fyr varstu erkibiskup í Lundi,
en þegar svo alþýðu-hylli þín hrundi,
tók konungur þig undir kápufald sinn.
Og hér ertu einungis í hans skjóli,
því aldrei að þessum biskupsstóli
varstu löglega settur. Í sjónum hans
er sjálfstæðiskraptur þessa lands
hinn sárasti þyrnir. Hann sér það sem er,
hve sannlega litið er vald hans hér.
En þú áttir öll þau öfl að kefja,
sem eftir skildi hið forna ríki,
og alt það til valda og vegs að hefja,
sem væri samkvæmt hans drotnunarsýki.
Svo var þér fengið það vald á hendur,
sem víðast í heiminum fastast stendur
og dýpst grípur inn í hvers einstaklings líf. —
Svo þykist þú sjálfur, af hugsjónum hrifinn,
af heilagri nauðsyn áfram drifinn
og stofnar þér út í stríð og kíf!

(Fyrirlitlega).

Þú ert dramsamur, hefðar- og drotnunargjarn,
en dáðlaus og fáráður eins og barn.

(Biskupinn sýnir æstar geðshræringar).

Prestur:

(Heldur áfram sem áður).

Reyndu' ekki' að neita, eg segi þér satt.
Þitt sjálfstæði liggur í duftinu flatt,
þú ert hrakinn af því, sem er ekki þitt eigið,
þú alt af þig hefir á tálar dregið.
Þinn innsti kjarni' er orðinn spiltur,
þú ert frá sannleikans götu viltur.
Eg aumkva þig, ef þú sjálfur sæir,
hve sorglega djupt þú fallinn lægir.
Þinn framtíðar-stórleik þú einblínir á,
en ekki það nálæga virðist þú sjá.
Þú hefir víst trúað að tækist þér létt
að traðka' undir fótunum þjóðlífsins rétt,
og ganga til hásætis heiðurs og snilli
á höfðum þeirra, sem standa á milli.
Þú sér ekki hatrið, sem hnefana stælir,
það hatur, sem aldrei þú niður bælir,
og virðingarleysið þú sýnist ei sjá
í sérhverju auga, sem horfir þig á,
og ekki það spott, sem þig virðir og vegur,
og veru þína í sundur dregur.
Svo hyggstu að festast í heiðri og völdum
með hátíðarglaumi og veizluhöldum,
og blinda vilt augun á landsins lýði
með léttúðarfullri ytri prýði.

(Stutt þögn).

Prestur:

(Heldur áfram í heldur mildari róm).

Ó, vesalings maður! Eg vorkenni þér.
Sá vondi lýður, sem kringum þig er,
hann hrindir þér áfram og hampar sem fysi,
og hefir þig síðan að skopi og gysi.
Um alt þetta sveinarir telja þér trú,
sem tekizt þér hefir að segja mér nú.
Þeir vita, að slíkt eru vélar og lygi.
Hvað varðar þá um, þótt þú byggir á dýi.
Þeir vita hvað eyru þín eftir klæja,
og að þinni trúgirni síðan þeir hlæja.

Biskup:

Nú segirðu ósatt! Nú ertu að rægja!

Prestur:

Eg ekki skal reyna að forsvara mig.
En geturðu hugsað þeir heiðri þig?
Þeir hafa nú lengi þig daglega þekt,
og geturðu hugsað þú hafir þá blekt?
Eða heldurðu aldrei þeir hafi fundið
neitt, — helzt til of margt — við þitt framferði bundið,
sem trú þeirra á þig hafi hnekt?
Eða þykist þú æ hafa að hafzt hið rétta,
svo ekkert hafi þig náð að bletta?

Biskup:

Eg er maður, sem aðrir, því ei ber að neita,
að algjörðri dygð mun ei skamt að leita.

Prestur:

En biskupsins hrösun þess eðlis er,
að afleiðing hennar ei leynir sér,
því sá, sem er fjöldans fyrirmynd,
á fremur en aðrir að sneiða hjá synd.
Þú segir menn hati þig. Satt það er,
en sérðu' ekki, hvað til þess haturs ber?
Ef aldrei þú gert hefðir annað en rétt,
þá yrði þér hatrið að bera létt.
(Í lágum en einbeittum rómi).
Og nú fyrst að ýmsu öðru er vikið,
ég að spyr þig hér í drottins ranni:
Hefirðu aldrei það heitorð svikið,
sem heimtað var af þér sem vígðum manni?

Biskup:

(Hikandi).

Því neita ég.

Prestur:

(Horfir fast á hann).
Svo? Nú syndgarðu' á ný!

Biskup:

(Djarfari).

Ég svara þér ekki! Hví spyrðu að því?

Prestur:

(Strangur sem fyr).

Þú lýgur —! Kona ein var hér í vetur — —
þú varla þrætt fyrir sekt þína getur.

Biskup:

Hvað? Þórdís að austan?

Prestur:

Já, hún er hér
og hefir nú skriftað fyrir mér.

Biskup:

(Stamandi).

Hvað sagði hún?

Prestur:

Alt það, er satt var og rétt.
Og samt þú vogar að standa hér inni
með þvílíka synd á samvizku þinni,
og láta sem hún sé hrein og létt.
Þú gistir hjá Teiti og tældir hans víf.
Er til meiri synd fyrir heilags manns líf!
Og svo var h a n n kærður um krenking gegn þ é r
og kastað í fjötra og geymdur hér!
Og Þórdís! — mun' aldrei brjóst þitt brenna
þau beisku tár, sem um kinn hennar renna.
Hún, ung og hugljúf, í hrösun leidd,

og heimilisgæfan spilt og eydd.
Samt kemur hún hingað að hjálpa þér. —

Biskup:

Hún hjálpaði Teiti, en ekki mér,
þegar mest reið á.

Prestur:

En hún með þeim hætti
úr misgerðum þínum að nokkru bætti.
Þú beitt hefir illu — því ei ber að neita —
en orðið hefðirðu verra að beita,
áður en lauk. Því það eitt eg veit
að aldrei hefðirðu kúgað Teit.
Í honum býr þjóðerni þessa lands.
Það er þrautseigt og fast eins og skaplyndi hans.
(Þögn. Háværð og skvaldur fyrir utan).

Prestur:

(Bendir út um gluggann. Talar biturt og ísmeygilega).
Sko lýðinn! Hann hópast og leitar að þér!
á látinna gröfum hann skemtir sér!
Hvert smetti hlær. Það er hraust og glatt,
þess hjarta og magi er hvorttveggja satt.
Nú þakklætisskvaldur þess heyrir þú hljóma,
nú hefir það fengið skyr og rjóma
og veizlukæti — og von um meira,
og vill láta gjafarann til sín heyra!
Hvort finst þér ei alvara undir búa

hjá öllum þvílíkum mannagrúa?
Sú vinátta' er haldgóð — það víðast mun sjást —
sem í verunni byggist á matarást
og löngun í veizlur og veraldarsoll. —
Það væri betur hún reyndist þér holl!

(Aftur í ströngum rómi).

En líttu til Heklu, þar loginn rauður
lýsandi bendir yfir hauður
sem sverðið í engilsins hefnandi hendi!
Sko himininn allan með logandi vendi,
sem hringa sig, eins og þar orð séu skráð.
Það er ef til vill dómurinn: talið, vegið,
það er orð hins mikla með eldstöfum dregið,
er tilkynnir hann sína hinztu náð.

(Mildari, næstum klökkur).

Ó vesalings maður! Vei sé þér!
þú hlustar á bullið, sem hópurinn galar,
en heyrir ei, þegar drottinn talar
og himinsins lúður þér boðskap ber!
Hugsa þér, ef þú ættir að mæta
fyrir allsherjardómi á þessum degi.
Hvað mundi þér, aumum, verða að vegi?
Þá væri um seinan að fara að bæta
úr atgjörðum þínum.

Biskup:

(Eftir litla þögn).

Það ei skal eg dylja,
sem oft hefir mér verið þungt að skilja,

að alt af, þá við höfum orðum skift
í einrúmi, virðist mér burtu svift
minni trú á mig sjálfan og anda míns afli
og alt af hef tapað í slíku tafli;
og þess vegna hefir mér hugkvæmzt þrátt
að við hlytum að skilja — á einhvern hátt.
Þú hefir ei viljað virða og skilja
né viðurkenna og styrkja minn vilja
og lagt það æ út á versta veg,
— í viðræðum okkar — sem geri ég.
Þín orð hafa flug míns anda heft,
þá allra-snjallast hann fram hefir kept. —
En aldrei hefir þú áður sagt
slík orð, sem nú.

Prestur:

(Örari við það hik, sem hann finnur á biskupi).

Eg hef fyrir þig lagt
það sannasta' og bezta, sem andi minn á.
Það er vinur sem segir til vamma. Ég er
þinn vinur og á að benda þér,
svo víkirðu glötunarveginum frá.
Eg er gamall og reyndur og gránað mitt hár,
eg geymi að baki mér þungbær ár,
að líta með alvöru á himininn hér,
það horfnu dagarnir kent hafa mér.
Eg oft hefi hugsað um þinn hag
og enn þá eg geri það nú í dag.

Og ef þú vilt heyra mitt einasta ráð,
þá er það að biðja þinn guð um náð
til að bæta ráð þitt og biðja um frið,
og bæta því heitorði jafnframt við
að losa þig frá þessu föruneyti,
sem þig flekar og villir að ýmsu leyti,
og reyna' allan ófrið með lempni að lægja,
en láta það vald, sem þú hefir, þér nægja.

Biskup:
(Hugsandi).

Ég get það ekki. Ég yfirgæfi
þær æðstu jarðnesku vonir þá.
Já, það, sem eg þráð hefi alla æfi
og alt af frá barnæsku reynt til að ná.
Mín hugsjón, sem orðin er hálf mín sál,
þá hrifist á burt.

Prestur;

Hún er Satans tál,
sem blindar þig svo, að sérðu eigi
þá sönnu og réttu hamingjuvegi.
Og þá mundi hugur þinn hreinsast og glæðast
og hugsjónir betri þér aftur fæðast.

Biskup:

Og þeir, sem mér hafa þjónustu veitt
með þolgæði' og trygð, yrðu' að hrekjast frá mér.
Þeir eru mér kærir. Það yrði mér leitt. —

Prestur:

Eg alt af sem vinur skal standa hjá þér,
í þrautum og mannraunum vera þinn vinur
og víkja' ekki, hvað sem yfir dynur,
ef þýðist þú ráð mitt. — Já, reisa þig við
og reyna að skapa þér heiður og frið.
(Réttir fram hönd sína).
Í herrans nafni ég hönd þér býð. — —
(Byrjað að hringja klukkunum).

1. biskupssveinn:

(Kemur með miklu fasi).
Biskup! Við alstaðar að þér leitum.
Það er ókyrrð mikil í gestanna sveitum
og bráðum er liðið að tíða tíð.
Í kirkjuna ekki kemst annarhvor maður,
en úti fyrir er bezti staður.
Menn safnast við skansinn og bráðlátir bíða
að biskupinn komi. Menn þrá að heyra
eitt vinsamlegt orð, þótt ekki sé meira.
En flýttu þér, tíminn er fljótur að líða!
Með biskupsskrúða og bagal þinn
þú birtast þeim ættir í þetta sinn,
því ekki í kirkjunni allir fá
þá — ef til vill margþráðu — dýrð að sjá.

Prestur:

Biskupinn verður að vera hér,
því við sinn guð honum fyrst og fremst ber

í auðmýkt og bljúgri bæn að tala,
því léttúð og forvitni fjöldans, sem bíður,
er nógur tími til síðar að svala.

1. biskupssveinn:

Þú bauðst mönnum hingað. Nú ber þess að gæta
að bregðist ei vonirnar, sem á þér
byggir fjöldinn til gagns og til gleði sér,
því síðar mun úr því seint að bæta.
Menn hálofa góðvild og gestrisni þína;
slík geðshræring lýðsins má hreint ekki dvína,
það sízt af öllu má sjá, að þú dyljir
þig sjálfan, og ekki það litla viljir.

2. biskupssveinn:

(Kemur inn).

Hvar ertu, biskup? Nú allir þrá
þá ánægjustund að fá þig að sjá.

(Lýtur að eyra biskups).

Þig sjá vilja allir í „ornat“ og kápu. —
Og einn er með kvæði — með langa drápu.

Biskup:

(Glaður).

Með kvæði!

2. biskupssveinn;

Í áheyrn allra hér
hann ætlar að lesa það fyrir þér.

Biskup:

Kvæði —!

(Við prestinn).

Slíkt ber þó um virðing vott!

2. biskupssveinn;

Hann er víðfrægur maður og kvæðið er gott.

Biskup:

Með kvæði —! Eins og í konungahöllum!
Slík kveðja frá lýðnum ei hlotnast öllum.

3. biskupssveinn o. fl.:

(Koma inn).

Gestkvæmt er fyrir. Þó fjölgar enn!
— Slíkar fagnaðarhátíðir sækja menn. —
Því austan við Hvítá er eitthvað á kreiki. —
Ég aldrei hef séð slíka jóareyki!
(Biskup og sveinar hans þyrpast að glugga til hægri).

1. biskupssveinn:

Þeir minst eru sextíu!

Margir í einu:

Miklu fleiri!

2. biskupssveinn:

Það er mannlaust á Iðu.

1. biskupssveinn:

Alt fólkið er hér.

3. biskupssveinn:

Þeir hafa' ekki fyrir að hægja á sér!
Þeir hleypa í ána hjá Þengilseyri.

1. biskupssveinn:

Það líkast er höfðingjum langt héðan frá,
sem langar til hátíðar-dýrðina að sjá,
en hafa tafizt — slíkt algengt er —
og eru þess vegna' að flýta sér.

Prestur:

(Sem hefir staðið álengdar, með þrumandi rödd).
Það eru' óvinir.
(Hik kemur á biskup og sveina hans í bráðina).

1. biskupssveinn:

(Fyrirlitlega.)

En sá glópur!

Biskup:

Nei — óvini geymir ei slíkur hópur.

Prestur:

(Sem áður).
Ég endurtek það — þetta' er óvinaher.
Hér undir býr svikræði — trúðu mér!
Eg hefi af ráðum þeim fregnir fengið. —

1. biskupssveinn:

Hann frá sínu viti hefir gengið.
Sá þvættingur, hann nær engri átt!
(Þeir taka að skrýða biskup).
Þú ættir að standa á skansinum hátt
og tala til lýðsins, því óvíst er
að annað eins færi gefist þér
til að gagntaka hjörtun með hugsjónum þínum.

Prestur:

(Leggur höndina á öxl biskups.
Þú hlýða ættir nú ráðum mínum
og forða þér, áður en er það um seinan.

1. biskupssveinn:

Út héðan! Við skulum láta hann einan!
Hver veit nema frá honum víki slíkt æði,
ef vera fær hann í ró og næði.
(Þeir toga biskup út með sér.
Úti fyrir heyrast gleðihróp og fagnaðarlæti mikil, sem vara látlaust við um stund og síðan við og við.
Hringingin heyrist alt af þar til tjaldið fellur).

Prestur:

(Reikar fram og aftur mjög þungbúinn).
Oft gladdi mig þessi hringingarhljómur,
nú hryggir hann mig líkt og uppkveðinn dómur.
(Stansar og hlustar).
Hve ólíkar raddir — að utan kætin,
óstjórnarglaumurinn, barnalætin!

En ofan frá turninum alvöruhljóð.
sem ómi frá málminum sorgarljóð,
sem leynist þar einhver óljós spá
um eitthvað, sem bráðum er mál að grafa,
um eitthvað, sem fyrir má enginn sjá,
en alt fyrir það skal sinn framgang hafa.
(Horfir út um gluggann).
Það ber ekki' á öðru — nú skipast um skansinn
með sköllum og óhljóðum gestafansinn!
Og biskup, og alt hans-útvalda lið
þar efst á hólnum nú staldrar við.
Þar blaktir kápan í blænum til. — —
Ó, bölvað veri slíkt loddarasnil!
Hve ólíkt er slíkt því, sem áður var,
þá Skálholtsbiskup á skansinn gekk
með skrúða' og bagal, og sefað fékk
tvo stórmennaflokka, er stríddu þar!
Slíkt verk í minnum mun lengi lifa,
með letri gullnu það sagan mun skrifa.
En Gissurs og Úrækju gengin er tíð. —
Nú gengur biskup til móts við lýð
af fordild og hlálegri hégómaþrá,
svo hver og einn megi dýrð hans sjá!
(Bendir til himins).
En drottinn, þú ei lætur að þér hæða — !
(Fagnaðarópin úti fyrir hafa alt í einu snúizt upp í angistaróp; vopnabrak heyrist, hótunarhróp og óreglubundið bardagaskvaldur.
Biskup og sveinar hans flýja inn í kirkjuna, og á

eftir þeim fjöldi fólks, svo leiksviðið því nær fyllist. Þórdís er í hópnum með þétta blæju fyrir andlitinu. Biskup stígur upp á upphækkunina framan við háaltarið, sveinar hans og kórbræður þar úti í frá. Prestur krýpur niður við Þorláksaltarið og byrgir andlit sitt í bæn. Öll orð, sem eiga að heyrast, verða að segjast hátt, með hæfilegu millibili, svo þau heyrist í gegnum skvaldrið bæði í kirkjunni og fyrir utan).

Biskup:

Leyfið sem flestum af gestunum grið,
meðan guðshúsið annars tekur við.

Einn í hópnum:

Þeir sækja að þeim, sem úti standa!

Annar:

Þeir ólmast og vega til beggja handa!

Biskup:

Segið þið honum að hringja betur
með hátíðarklukkunum, ef hann getur!

(Hringingin eykst).

Guðs hefnd yfir þann, sem hlýðnast ei við,
þegar hljómur klukknanna boðar frið!

2. biskupssveinn:

Þeir skeyta því ekki ögn —!

Biskup:

Þá hlýðir
ei annað en byrja heilagar tíðir.

Þorlákur:

(Fyrir utan gluggann.)

Ef biskup er inni og orð mín heyrir,
þá eru hér menn, sem hann finna vilja.
Og vilji hann hræðslu og hugleysi dylja,
þá hingað gangi hann —

1. biskupssveinn:

Nú fram úr keyrir!

(Bregður sverði og leggur út um gluggann).

Biskup:

Lokið þið dyrunum!

3. biskupssveinn:

Ljós á stjakana!

Margir:

Þeir lemja' utan kirkjuna!

Aðrir:

Sveigja' hana!

En aðrir:

Skaka' hana!

Biskup:

Eru dyrnar tryggar?

Rödd:

Já, tveir eða þrír
að taka við þeim, sem á hurðina knýr.

Biskup:

Þeir búist til varnar, sem hafa hjör,
því hér verður hver að verja sitt fjör!

Þorvarður:

(Fyrir utan gluggann).

Biskup! Við kirkjunni köstum niður,
ef kemur þú ekki og vægðar biður!

Biskup:

(Í ráðaleysi og angist).

Frelsa mig, heilagi hjálparandi,
hrind frá mér voða' og óvinagrandi!
Ó, prestur!

(Skimast um og sér hann).

Hann biður. Hans bæn eg treysti
betur en nokkurs manns kappi og hreysti.
Biðjið þér fyrir mér, biðjið þið heitt!
því bænir mínar ei stoða neitt.
Ó, heilagi Þorlákur — !

Margir:

Flýið, flýið!

(Menn riðlast í ofboði frá hægri og yfir til vinstri.)

Einn í hópnum:

Þeir fara með tré undir sakristíið!

Margir:

Þeir brjóta.

(Brak og barsmíð heyrist fyrir utan, kirkjan leikur á reiðiskjálfi).

Einn í hópnum:

Þeir hliðinni sundur svifta.

Annar:

Sko, sjálfri kirkjunni upp þeir lyfta.

(Hræðsla og ofboð meðal fólksins.
Teitur og Þorvarður ogmenn þeirra vopnaðir koma inn. Við komu þeirra verður steinhljóð um stund).

Teitur:

Hér er mikið um dýrðir! — Það auðséð er,
að ekki menn dæsa við gestunum hér!

(Við biskup).

Þér þekkið víst mennina, Þorvarð og Teit,
og þetta er okkar fylgisveit!

(Stutt þögn).

Ef með okkur viljið þér viljugur fara,
skal víg og frekari aðgjörðir spara!

1. biskupssveinn:

Slíkt verður aldrei!

Teitur:

(Við fjölmennið).

Þá verða þeir hér,
sem vopn ekki bera, að forða sér!

(Hann leggur til biskups, en Þórdís hleypur fyrir lagið og ber það af honum með handleggnum; grípur síðan um handlegginn og hnígur upp að veggnum. Teitur horfir á hana um stund, en á meðan hafa menn hans dregið biskup frá altarinu, og snýst þá Teitur í lið með þeim.

Bardagi hefir þegar hafizt um alla kirkjuna með ópum og hljóðum; klukkunum er hringt í ákafa).

V.

(Stofa í Skálholti, hin sama og í II. þætti. Dyrnar í aftursýn standa opnar, og sér inn í annað herbergi. Þar liggja særðir menn og lík á borðum og beddum. Frammi í stofunni stendur uppbúinn beddi. Þorlákur gengur um gólf í framstofunni. Hann er með dúk vafinn um höfuðið og er blóðflekkur gegnum dúkinn niður undan hægra auganu. Hjúkrunarkona gengur út og inn á milli stofanna. Presturinn stendur inni í innri stofunni og beygir sig yfir mann, sem liggur þar og veitir honum eftirtekt. Kemur síðan fram og lætur aftur).

Presturinn:

Hann líka er dáinn. Þá lifir ei neinn —
nú er látinn hinn síðasti biskupssveinn.

Þorlákur:

Svo upp sker sérhver, sem sáði hann.

Prestur:

Ei sæmir að áfella dauðan mann.
Hann kominn er upp fyrir æðra dóm.
(Stansar og hugsar.)
Sá atburður sál mína enn þá skekur,

með ofboði' og skelfingu. Til hjartans mig tekur,
sem brostinnar klukku ég heyri hljóm.
Öll kirkjan er blettuð af blóði. — Og lík
voru borin úr kórnum. — Já, undur slík
hafa aldrei flekkað míns föðurlands skjöld.
Slíkt framferði' er verra' en á Sturlungaöld.
Við altari drottins — hver undur slík leit —
þeir umkringja biskup með vopnaðri sveit,
hans presta hópur er brakinn og sleginn
og hann frá kirkjunnar griðastað dreginn.
Sú kápa var hót ekki heiðruð þar,
sem heilagi Þorlákur fyrrum bar.

(Stansar).

En hver hefir upp spunnið öll þessi ráð?

(Horfir fast á Þorlák og talar í skörpum rómi).

Mér ógnar það, sem í hug mér flýgur —!
Þorlákur — ef þú að mér lýgur,
þá yfirgefi þig guðs þíns náð!
Þú kunnugur ert hér — það vel eg veit —
þú vaktir hjá föngunum, straukst með Teit. —
Nú skil eg þitt svikræði — atferlið alt.
Þ ú ert hinn seki. Þú játa það s k a l t!

(Þorlákur þegir).

P r e s t u r:

(Heldur áfram).

Ó, veslingur! Um þínar undir er bundið —
Þú ættir það skilið þér væri hrundið
sem óþverrahræi frá allri náð

og enginn syndi þér bjargarráð!
Brennir þig ekki þitt eigið blóð?
Eða' er þín samvizka kannske góð.

Þorlákur:

Við ómildum dómum þér aðra varið,
nú utan hjá braut þeirri sjálfur þér farið.
Mín samvizka' er þung. En þó er hún glödd
og þögguð niður af mildandi rödd.
Ég gert hefi ilt — það er alveg satt —
en á það má líta, hvað fram mér hratt.
Ég efa, að dómur sá alveg sé réttur
að eg sé með Júdasar-líkum settur.
Ég átti hér stranga og illa vist,
sem aðrir, frá því eg kom hér fyrst,
oft þannig mér orðin voru valin
sem væri ég að eins með hundum talinn.
Eg veit, það er háttsettra höfðingja siður
að horfa þannig á menn sína niður.
En eitraður kuldi minn innra mann beit,
þá um gekkst eg biskupsins fylgisveit.
Svo var mér falið að vaka' yfir þeim,
sem voru' í böndum hér fluttir heim.
Það ekki var strit — en eitt er víst,
að af öllum verkum það gerði' eg sizt.
Það hrópandi ranglæti hver maður sá,
sem haft var í frammi við mennina þá.
Og y ð u r heyrði ég oft og þrátt

undir það taka, þótt mæltuð þér fátt.
Ég almenningsröddina ekki lézt heyra,
en y ð a r dómur vó langt um meira.
Og svo kom Þórdís um langa leið
og leitaði til mín — mér neyð hennar sveið,
þá tárvotum augum hún á mig leit. —
Þá ásetti ég mér að frelsa Teit.
Þá fann eg yfir mér böl og bann,
því biskupinn mundi' eftir hefndum leita,
og sá mér ei annað vænna en veita
þeim fylgi og aðstoð, sem ásóttu hann.

P r e s t u r:

Hvar endar sú bölvunar-braut, sem þú gengur?
Nú biskupinn þarftu' ekki að óttast lengur;
en þeir, sem sigur þitt vélræði veitti,
þeir vernda þig ei fyrir drottins þíns hendi,
þá kirkjan á móti þér kæru sendi,
sem atferli þitt í blóðvöll breytti.

Þ o r l á k u r:

Verðugi faðir! Nú virðist mér
sem viðburðarásinni gleymið þér.
Það er satt, að skemzt hefir Skálholtskirkja
og skvett er þar blóði um stóla og bekki,
en móðir vor allra, hin íslenzka kirkja,
finnst yður h ú n hafa liðið hnekki
við atburði þá, sem hér orðið hafa?

Eða' eruð þér nú um slíkt í vafa,
að ástandið hér væri átumein,
og að yfir kirkjunni voðinn gein?
Menn brúkuðu þenna biskupsstól
blátt áfram fyrir ræningjaskjól.

Prestur:

(Hugsandi).

Þú segir að vísu satt. En þó —
mér sárnar það mest, hversu að því var farið;
fólk, sem var saklaust, var sært og barið,
og kirkjan — já, um það er komið nóg.
Og ef til vill má finna orsök hjá mér.

(Réttir Þorláki hönd sína).

Eg ætla sem vinur að biðja með þér.

(Menn koma inn og bera Þórdísi á milli sín).

Hjúkrunarkonan:

(Bendir mönnunum á beddann).

Hérna má leggja' hana.

Einn maður:

Hefjið þér
upp höfðalagið.

Hjúkrunarkonan:

(Gerir það).

Hún föl er sem nár.
Er nokkur, sem kennsl á konuna ber?

Einn maðurinn:

Í kirkjunni fanst hún með blæðandi sár.

Prestur:

Er hún dáin?

Maðurinn:

Nei, hún í dvala hvílir.

Presturinn:

Dragið burt blæjuna þá, er skýlir
andliti hennar.

(Mennirnir gera það).

Hjúkrunarkonan:

Ó himneska sveit!
Það er hún, sem kom hér og frelsaði Teit.

Prestur:

Það er hún, sem kom hér og varaði við —
sem vætti gólfið með iðrunartárum,
sú eina, sem kom hér að finna sér frið
og fá sér lækning við andlegum sárum.

Einn maðurinn:

Ég hana áðan við altarið sá.
Þá Teitur með brandinn að biskupnum óð,
hún beint fyrir laginu hiklaust stóð
og handleggnum undir hjörinn brá.

(Þeir hagræða henni).

Þórdís:

O, lofið þið mér að liggja í næði,
það lítið gerir, þótt sár mitt blæði.
Bindið ei um það! Það blæða má.
Því betur, sem stundin er fljótari' að líða.
Ég finn ekki' í hjartanu hrygð eða kvíða,
því dauðinn öllu mig frelsar frá. —
Eitt líf eins og mitt ei mikið er
á móti öllu, sem skeð hefir hér.

(Hún verst því að bundið sé um sárið).

Maður

(kemur inn hlaupamóður).

Prestur:

Hvað segirðu' í fréttum?

Maðurinn:

Það sízt er gott.
Alt sýnist mér bera þess ljósan vott,
að síðustu' og verstu veraldarstundir
sé vonzkan og grimdin að búa undir.

Prestur:

Hvað er þá að frétta?

Maðurinn:

Ég eftir þeim gekk

— álengdar þó. — Í hærusekk
var biskupinn hulinn, blökkum og ljótum,
sem birgði hann allan niður að fótum.
Þeir fóru af baki við Brúará.
Þá mönnum sínum þeir fangann fengu,
þeir foringjarnir, og afsíðis gengu;
— já, alt, sem þar gerðist, eg gjörla sá.
Svo komu þeir eftir örlitla stund.
Þá þótti mér atferlið ekki skána.
Eg sá, hve biskupinn bað þá um grið
og beygði sín kné þeirra fætur við —
en samt þeir hrundu' honum út í ána.
(Þórdís o. fl. reka upp skelfingaróp).

Einn viðstaddur:

Og þar er hyldýpi.

Annar:

Hestum á sund.

Prestur:

Ó, vesalings biskup! — Í Brúará
þín bein áttu' að hvílast.

Maðurinn:

Eg fljóta hann sá
með iðukastinu o'neftir greitt.

Þórdís:

(Með ofboði).

Hann enga björg hefir getað sér veitt!

Maðurinn:

Svo skildust þeir að. — Þegar aftur ég leit,
á eftir mér sá eg koma Teit
og alla hans menn, á austurleið.

(Jódynur fyrir utan).

Einn viðstaddur:

Nú yfir túnið fer manna reið.

Þórdís:

(Áköf).

Stöðvið hann! Sækið hann! — Segið frá mér. —

(Rólegri).

Nei, segið að deyjandi kona sé hér,
sem vilji hann enn fyrir andlátið sjá.

(Nokkrir af mönnunum hlaupa út).

Prestur:

Það er óráð. Hún þyrfti hvíld að fá.

Þórdís:

Nei, engin hvíld getur auðnazt mér,
ef ekki við Teit ég fæ að tala.
Eg vil reyna' að mýkja og milda þann kala,
sem ef til vill til mín i brjósti hann ber.

(Stutt þögn).

Prestur:

(Upp úr eins manns hljóði).

Jón Geirreksson drukknaður. — Glópurinn eg!

Hví gat eg ei látið hann burtu stelast?
Hví gat eg ei látið hann flýja' eða felast? —
Nei, þetta fer alt sinn ákveðna veg.
Hann heillaði tildur og hégómaprjál. —
Eg hugsaði mest um að bjarga hans sál.

Teitur:

(Kemur inn. Allir nema presturinn og Þórdís fara).
Hver er það hér, sem vill hitta mig?

Prestur:

(Bendir).

Það er hún.

Þórdís:

Já, eg sendi boð fyrir þig.
Þekkirðu mig?

Teitur:

Er það Þórdís?

Þórdís:

Já.

Teitur:

Mig þetta grunaði strax er eg sá,
hvar kvenmaður hönd undir hjör minn brá. —
Guð hjálpi þér, vina mín, ertu sár?
Sár eftir vopn mitt — ?

Þórdís:

Það var eg lengi.
Þú veizt ekki' um mína sárustu strengi
og hefir ei talið mín harmatár.
Þetta litla sár er mér lækning ein —
það læknar til fulls hin eldri mein.

Teitur:

(Með viðkvæmni).

Hví talarðu svo?

Þórdís:

(Talar með veikri rödd og með hvíldum).

Okkar síðasta fund
að sjálfsögðu ber upp á þessa stund.
Þín vopn eru römmu ryði slegin,
það ryðið mig brennir sem eitruð glóð,
þú sagðir að illmenni væru vegin
með vopnum þeim — ryðið er storknað blóð.
Og „blóð fyrir blóð“ — það er eldgamalt orð,
því upp til himinsins bróður þíns morð
kallar um hefnd, að þess hæsta lögum,
eins hátt og á Káins og Abels dögum.
Eg kallaði' ei á þig að ávíta þig,
ég ætlaðist til að þú kveddir mig
með örfáum hlýlegum orðum. Mér finst
svo undurlangt síðan var það hinzt
að mæltir þú til mín í mildum rómi.

Þú mátt til að gleyma því, sem hefir skeð,
og mýkja þitt skap við minn banabeð
og hlífa mér síðar við hörðum dómi.
Ég var glaðlynd og barnsleg, þá giftist eg þèr.
Hví gætturðu' ei að mér og leiðbeindir mér?
Eg hóf oft leit eftir huga þínum,
en hann varð sjaldan á vegi mínum.
Eg skildi þig aldrei, en unni þér þó,
en alt af skýin á himin minn dró.
Mér fanst ég oft vera einmana hjá þér
og af því hvarflaði hugur minn frá þér.
Eg var létt eins og fjöður í lífsins straumi
og lét mig blinda af hégómaglaumi.
Ó, gaztu' ekki bjargað mér, bezti minn,
og betur mig vafið í faðminn þinn?
Nú sérðu að lokum líf mitt spilt.
Eg leiðinni tapaði, flögraði vilt
sem hálfleygur ungi frá átthögum slitinn,
af öllum, sem sáu mig, fyrirlitin.

Teitur:

Ó, Þórdís! Þú unnir mér alla tíð — ?

Þórdís:

Já, af því stafar mitt böl og mitt stríð.
Af ást til þín vildi ég alt af ná
eining og sátt milli biskups og þín;
það upphaf til hamingju áleit ég þá —

þótt eftir það breyttist skoðun mín.
Af ást til þín kom ég einnig hér,
án þess þú vissir, og bjargaði þér
úr varðhaldi biskups. En vildi ekki láta
það verða uppvíst í nokkurn máta.
Eg vissi' að þér mundi finnast um fátt,
ef frelsaði ég þig á slíkan hátt.
En reiðstu' ekki vinur minn — !

Teitur:

Varst það þú !
Það vitað eg hef ekki fyr en nú.
Ó, Þórdís !

Þórdís:

Það var mín versta för,
sú voðaminning mig stingur sem ör.
Mér fanst sem eg sterk mundi' og fastlynd reynast,
en fann ekki veikleikann í mér leynast.
Eg sá ekki' í hvaða gildru ég gekk. —
Með góðum ráðum þig lausan eg fékk,
en afleiðingarnar ekki ég sá.
(Lækkar róminn, næstum hvíslandi).
Með heiðri mínum eg hindraði það
að hertygjuð sveit væri búin á stað,
sem ei ykkur tækist að forða' ykkur frá.
(Teitur hrökkur saman. Hún talar í sama rómi og áður).
Og einníg var hún af ást til þín,
hin allra-síðasta förin mín.

En ekki var hönd mín þá heldur svo sterk,
að hindrað hún gæti' ykkar óheillaverk.
Eg hætt var að sönnu að hugsa um sætt,
en hugur minn dvaldi það áform við
að gæti ég að eins unnið frið,
og beinum fjandskap eg fengi hætt.
Nú sé ég að hefirðu sigurinn hlotið
og svalað þér. Fjandskaparefnið er þrotið.
En áunnið hefi ég ekki neitt.
Eg er orðin af stríðinu södd og þreytt.
Ég hef sagt þér alt. Eg hef engu þig leynt,
svo alt saman vissir þú hreint og beint.
Ó, dæmdu' ekki' hart þína breysku brúði,
og berðu' þig að skilja, hvað fram mig knúði,
og reyndu, að láta' yfir minningu mína
sem mildastan blæ í huga þér skína.
Ég elskaði þig. Vildi aldrei þér sleppa,
en eftir því var ég stöðugt að keppa
að eyða þeim voða, sem af því stóð
að illsakir biskupinn við þig tróð.
Ég elskaði þig. — En aumkvaði hann.
Ég var ein af þeim fáu, sem skildu þann mann.
Eg gat ekki hatað hann, gerði það eigi,
hann gekk, eins og fleiri, á hættum vegi.
(Réttir fram vinstri höndina).
Fyrirgef mér, eg bið þig, bezti!
Eg bið þig nú sjálfsagt í hinzta sinn.
Ó, láttu' ekki mína bernsku og bresti

til bústaðar velja sér huga þinn.
Kveddu mig — réttu mér þína mund
og minstu að þetta er skilnaðarstund.
(Þögn um stund. Þórdís dregur að sér höndina).

Teitur:

Þú veizt eg vil fáum orðum eyða
og alt af hjá þarflitlu tali sneiða.
En óvanalega' er mér örðugt um mál.
Fátt hef eg glepja frið minn látið
og frá því á barnsaldri aldrei grátið —
en nú finst mér þjökuð af þunga mín sál.
Þegar eg fann, þú varst frá mér snúin,
eg fann minni hamingju dauðann búinn,
eg sá fram á þungar og sorglegar stundir,
því sól minnar gleði var hnigin undir.
Í sannleika fjarlæg mér sífelt þú varst,
þótt sýnast mér nálæg þú vildir reyna,
eg fann það, að innra þú eitthvað barst,
sem alt af þú fyrir mér reyndir að leyna.
Mér fanst eins og múrveggur milli' okkar rísa,
sem mætti ekkert í gegnum lýsa,
mér fanst, sem þig væri að taka tröll
og toga þig heillaða inn í fjöll.
Eg sá ekki til neins að laða og leita,
hér lá að eins fyrir mér orku að neita,
að fella tröllið og múrinn mola
og milli' okkar öllu úr veginum bola,

og síðan þig upp á minn armlegg setja
sem yfirvinnandi, frelsandi hetja.
En nú, þegar þetta unnið er,
þú ert til fullnustu töpuð mér.

Þórdís:

Nei, ekki töpuð þér, elskan mín,
ég alt af skal vera stjarnan þín;
ég skal þig aðvara, efla og styðja
og alt af á himnum fyrir þér biðja.
Eg hef talað við hina heilögu mey,
hún hét mér náð — svo ég róleg dey.
(Talar nokkur fleiri óskiljanleg orð).

Teitur

(tekur innilega um hönd hennar).

Þórdís:

(Dregur að sér höndina).
Eg sé, það er bezt að það fer, sem það fer,
því framar þú ei hefðir trúað mér,
því brotin trygð er sem brotinn hringur,
þar brotið jafnan til sársauka stingur.
Til þess mun einungis eilífðin reynast
einhlít — þar hugsanir vorar ei leynast.

Teitur:

(Með tilfinningu).
Þórdís, eg trúi þér. Efastú eigi!

Ver aftur róleg — ó, heyr hvað eg segi!
Því aldrei sem nú hefi' eg unnað þér —
ó, elskan mín — fyrirgefðu mér!

Prestur:

(Leggur höndina á handlegg Teits).

Standið þér fjær, — hún er fallin í dvala.
Þér finnið, hvað henni er erfitt að tala.

(Eftir stutta þögn. Teitur stendur hljóður og hugsandi, á meðan hann talar).

Eg sé yður finst til um „frægðarverk" það,
sem fyrir stund hefir átt sér stað.
Já, aumingja-maður, það ekki er bert
fyrir yður, hvert stórvirki hafið þér gert!
Er frægð að steypa um fúnu tré?
Eða fella þann, sem er lagstur á kné?
Já, veldi biskupsins var nú þrotið,
hann vinsælda fékk ekki lengur notið,
hann bygði því miður á berum sandi,
sem bregður í loft upp hinn minsti andi.
Þér sáuð þann fjölda, sem fyrir var hér,
hann flúði strax, þegar komuð þér,
hver einasti flýtti sér undan að leita,
en enginn biskupnum lið að veita.
Og utanlands stendur það ekki betur,
því Eiríkur konungur heyir þar stríð
við æstan og harðvígan uppreistarlýð,
svo enginn við liðsemd hans búizt getur.

Þér hafið því að eins það fallna felt,
því fúna og skemda úr sætinu velt,
sem hlaut að falla. Og fyrir þetta
þér fóruð yðar hendur að bletta
með blóði. Slíkt finst yður virðulegt verk
sem vitni um það, hversu orkan sé sterk!
Hið æðsta stórvirki unnið hefur
sá einn, sem af hjartanu fyrirgefur
óvini sínum, og öllu gleymir,
sem umliðna tíðin í skauti sér geymir.
Ef ágæti slíkt hefði í yður búið,
á annan veg væri mörgu snúið.
Þá sæi eg yður sem sælli mann. — —

Þórdís:

(Rís upp úr rúminu með óráði, talar hátt, en með óstyrkri röddu, og horfir upp fyrir sig).

Eg sé hann! Þarna' er hann — þar stendur hann
með sekk yfir höfði hjá drottins dómi,
og dómarinn talar í ströngum rómi.
Ó, mildi dómari, dæmið hann ekki!
Og dragið þið burt þennan samvizkuhjúp.
Eg bætur en allir aðrir hann þekki,
svo oft ég leit o'ní sálar hans djúp.
Líttu' á augu hans. Enn þá má
hina upprunalegu guðsmynd þar sjá,
hún er afskræmd og spilt af ástríðum blindum
og umgirt af villandi þokumyndum —

en því, sem er guðlegt, má ekki eyða,
þína eigin veru þú mátt ekki deyða!
Alt, sem þolað ég hans vegna hef,
svo hjartanlega ég fyrirgef,
og kannske ég hafi' hann til hrösunar leitt,
sem hefir hann síðan til ranglætis neytt.
Ó, dæmið hann ekki, en eftir mér biðið,
og á það, sem ég hef að segja, hlýðið.

(Fellur útaf á koddann, talar með meiri rósemd en veikari röddu. Teitur krýpur niður við beddann, og vill reyna að vekja hana til ráðsins, en hún sinnir því ekkert).

Hinn mikli dómari dvelur og bíður,
hve dýr er sú stund, sem á meðan líður.
Eitt góðverk ég á þó enn að gera,
ég á hinu sanna vitni að bera.
Nú finst mér eg orðin fleyg og ung,
mér finst eg ei lengur veik og þung.
Og nú koma englarnir ofan til mín,
hver ásýnd af himneskum ljóma skín.
Á vængjunum björtu þeir benda mér veginn.

(Leggur höndina á höfuðið á Teiti).

Eg bíð þín, elskan mín, hinum megin!

(Höndin kippist aftur af krampatitringi).

Prestur

lítur niður að henni, tekur á æðinni o. s. frv., gengur síðan þegjandi frá.

Teitur:

(Stendur upp).

Í sorginni bera skal höfuðið hátt. —
Nú hefi ég fyrir að lifa fátt.
Flýti þeir sér, sem mig feigan vilja,
því framar eg hef ei við neitt að skilja.

(Klökkur).

Mitt elskaða lík skal eg austur með mér hafa,
hjá ættingjum mínum með viðhöfn skal það grafa.

(Við prestinn eftir litla umhugsun).

En fyrir þá skemd, sem á Skálholtskirkju' er gjörð,
hún skal eignast sextíu hundraða jörð.

(Þeir taka höndum saman).

Athugasemdir.

Ljóðleikur þessi er að vísu settur í sambandi við atburði, sem gerðust hér á landi á fyrra hluta 15. aldar, en að öðru leyti eru ekki til sögulegar heimildir fyrir efni hans, og ber því ekki að skoða hann sem söguleik.

Jón biskup Geirreksson — Gerreksson, eftir íslenzkum fræðiritum; Geirreksson þótti hér viðfeldnara — var sænskur að uppruna, og eru litlar upplýsingar til um ætt hans eða ætt. Hann var erkibiskup í Lundi um eina tíð, en kom sér þar illa og flæmdist þaðan burtu. Tók þá Eiríkur konungur af Pommern hann undir verndarvængi sína, og þar sem biskupsstóllinn í Skálholti hafði þá staðið auður nokkur ár, sendi konungur þenna skjólstæðing sinn þangað. Hvernig honum reiddi þar af, er flestum kunnugt. En eins má þó geta, að aldrei var neinum hefndum eða refsingu komið fram fyrir atförina að honum, enda var þá verndari hans, Eiríkur konungur, farinn frá völdum og orðinn sjóræningi í Eystrasalti.

Jórunn spákona (bls. 109). Það sem hún er látin segja hér fyrir, getur um í sögulegum fræðiritum að gerzt hafi. Sveinar biskups, sem allir voru vegnir, þegar þeir Teitur Gunnlaugsson og Þorvarður Loftsson fóru að honum í Skálholti, á líkan hátt og leikurinn lýsir, voru dysjaðir útnorður af bænum í Skálholti, og heitir þar síðan *Íragerði*. Sveinarnir voru írskir að

uppruna og afar-óvinsælir. — *Ullarklettur* er nefndur á sama stað. Hann er vestan við Hvítá, skamt þar fyrir neðan er Brúará fellur í hana. Þar rak lík Jóns biskups Geirrekssonar upp úr ánum

Örnefni þau sem nefnd eru í kring um Skálholt, eru þar enn í dag. Af klyfinu fyrir ofan staðinn er fögur fjallsýn norður eftir, og eru báðir hverirnir, Geysir og Reykholtshver, ásamt fleiri hverum, í þeirri stefnu. — *Vörðufell* er suður af Skálholti, austan Hvítár (á Skeiðum), en *Þengilseyri* er í Hvítá skamt fyrir neðan ferjustaðinn á Iðu. *Skanzinn* (batteríið) sést enn norður og austur af kirkjugarðshorninu. *Hekla* er nálega beint í austur frá Skálholti, og er því hægt að láta hana, með logum sínum og reykjarstrók, sjást út um kórgluggana í aftursýn í IV. sýningu, ef leikurinn verður sýndur.

Á bls. 154 4. akti, Pr.: — Hve ólíkt er nú því, sem áður var — er orðum vikið að þeim atburði, sem gerðist í Skálholti 2. janúar 1242, er þeir börðust þar Úrækja Snorrason (Sturlusonar) og Gissur Þorvaldsson (jarl), en Sigvarður biskup gekk á milli þeirra, skrýddur og með klerka sína og kennilýð, og stilti til friðar. — „Flaug þá grjót yfir höfuð honum og var sem í drifu sæi; en er menn kendu hann, vildu menn fyrir engan mun honum mein gera, og stöðvaðist þá bardagínn“ — segir í Sturlungu 6. þ. 35. kap. (útg. Bókm.fél.)

Höf. áskilur sér einum um sína daga rétt til að leyfa að sýna leik þenna eða þýða hann á önnur tungumál.

Efnisyfirlit.

bls.

Inngangsljóð 7

Teitur

I. 15

II. 56

III. 88

IV. 126

V. 160

Athugasemdir 180

Lesendur ljóðleiksins „Teitur“ eru beðnir að taka til greina þessar

Leiðréttingar:

Á bls. 58 vantar heila línu, sem á að vera þriðja lína að neðan:

Og við harðfiskinn lærðirðu þolinmæði.

Á bls. 135 stendur: Nú, fyrir: *Nei,* (ný lína á miðri bls.).

Á bls. 177, 7. lína að neðan, stendur: samviskuhjúp fyrir: *vanvirðuhjúp.*